

FRÉTTABLAÐIÐ



Þeir voru stóiskir trillukarlarnir í Hafnarfjarðarhöfn og létu ekki ljósmyndara Fréttablaðsins raska ró sinni þegar þeir dyttuðu að veiðarfærum í bliðviðri í gær. Veðurspáin fyrir morgundaginn er aftur á móti ekkert sérstök og kannski ekki vitlausara en hvað annað að róa bara á þjóðhátíðardaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Meirihluti telur skaða af hvalveiðum

64,3 prósent telja hvalveiðar skaða orðspor Íslands og 52,5 telja þær hafa lítinn efnahagslegan ávinning.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Nærri tveir þriðju aðspurðra, 64,3 prósent, telja hvalveiðar skaða orðspor Íslands, samkvæmt nýrri könnun sem Maskína gerði fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands. 29,6 prósent telja að þær hafi ekki áhrif og 6,1 prósent að þær hafi góð áhrif.


33,2 prósent sögðust vera hlynnt veiðum á langreyðum, sem eru nú að fara að hefjast á nýjan leik, og 31,8 prósent telja það skynsamlegt að stunda hvalveiðar. 35 prósent eru hins vegar á móti veiðunum og 44,3 prósent telja þær óskynsamlegar.

Rétt rúmlega meirihluti svarenda, 52,5 prósent, telja hvalveiðar hafa lítinn ávinning fyrir efnahagslífið en 21 prósent telja þær mikilvægar.

Umtalsverður munur er á svörum eftir bæði kynjum og aldri. 48 prósent karla eru hlynnt hvalveiðum en aðeins 17 prósent kvenna. 45 prósent 60 ára og eldri styðja veiðarnar en aðeins 15,5 prósent undir þrítugu. Litill munur er á svörum eftir landsvæðum, en þó aðeins meiri stuðningur á landsbyggðinni.

Nokkur munur er á afstöðu eftir stjórnmálaskoðunum. Mestur er stuðningur hjá kjósendum Sjálfstæðisflokks, 63,4 prósent, og Miðflokks, 60,1 prósent. 47 prósent Framsóknarmanna styðja hvalveiðar og 45,5 prósent kjósenda Flokks fólksins. Hjá Viðreisn er stuðningurinn 26,9 prósent, 22,1

Spurt var um áhrif hvalveiða á orðspor Íslands



■ Alfarið góð
■ Mjög góð
■ Fremur góð
■ Hvorki né
■ Fremur slæm
■ Mjög slæm
■ Alfarið slæm

hjá Sósíalísum, 17,3 hjá Vinstri grænum, 12,8 hjá Samfylkingu og 11,2 prósent hjá Pírötum.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir könnunina sýna að viðhorfin séu að breytast. Fólk finnst það ekki lengur þurfa að verja hvalveiðar með kjafti og klóm. Hvalaskoðun sé farin að skila miklum ávinningi sem höfuðafþreying.

„Í hvert sinn sem við förum út að veiða þessar ótrúlegur skepnur eyðileggur það fyrir þeim sem eru að selja þá upplifun að skoða hvali,“ segir Jóhannes. „Við vitum það, út frá könnunum og öðrum gögnum, að hvalveiðar hafa eyðilaggt ótrúlega mikið fyrir ferðaþjónustunni.“

Könnunin var framkvæmd 19. til 27. maí í Þjóðgátt Maskínu. Svarendur voru 957 talsins. ■

Vaxandi áhyggjur af manneklu

VIÐSKIPTI Stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins hafa vaxandi áhyggjur af því hve erfiðlega gengur að manna störf. Þetta sýnir ný könnun Samtaka atvinnulífsins og Seðlabankans á stöðu og framtíðarhorfum í atvinnulífinu.

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir aukinnar svart-sýni gæta meðal stjórnenda. Hann segir brýnt að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk utan EES flytji til landsins. **SJÁ SIÐU 10**



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

Það má
LEIKA SÉR
AÐ MATNUM!

Mmm ...
Grillspjót
hitta alltaf
í mark!

KRÓNAN



Óðinsgata 14a og 14b,

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Dagsektir vegna húsa sjaldgæfar

ragnarjon@frettabladid.is

REYKJAVÍK Dagsektir eru sjaldnast úrræði sem beitt er af Reykjavíkurborg vegna húsa í niðurniðslu. „Þetta er mögulega annað eða þriðja skiptið á sex árum þar sem við beitum hús í niðurniðslu dagsektum,“ segir Gylfi Ástbjartsson, hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Eins og fram kom í Fréttablaðinu ákvað Reykjavíkurborg að beita eigendur Óðinsgötu 14a og 14b dagsektum vegna ástands húsanna. Aðspurður segir Gylfi að dagsektum sé í raun sjaldan beitt yfir höfuð „þetta eru í kringum sex til tíu mál á ári þar sem við beitum dagsektum,“ segir hann. ■



Gylfi Ástbjartsson hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

Fjögurra ára bið loks að ljúka



Ökumenn í miðbænum geta bráðlega ekið Lækjargötuna á ný með hefðbundnum hætti. Í maí árið 2018 hófust framkvæmdir við hótél Íslandshótela, sem leiddu til þess að Lækjargatan var þrengd og hafa orðið tafir æ síðan á umferð. Nú er þeim að ljúka og allt að færast í fyrra horf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Græddu 127 milljónir á hraðprófum

gar@frettabladid.is

VÍÐSKIPTI Félagið Arctic Therapeutics ehf. sem rekur hraðprófunina covidtest.is hagnaðist um 127,2 milljónir króna í fyrra. Fyrirtækið velti alls 399,7 milljónum króna það ár. Félagið hefur ekki áður haft tekjur.

Eins og öðrum fyrirtækjum í sömu starfsemi greiddi ríkið um skeið Arctic Therapeutics fjögur þúsund krónur fyrir hvert hraðpróf sem einstaklingar hér búsettir fóru í. Þessar greiðslur frá ríkinu voru felldar niður 1. apríl síðastliðinn. Þá höfðu Sjúkratryggingar Íslands greitt einkafyrirtækjum í hraðprófunum vel yfir einn milljarð króna.

Gjaldið sem Arctic Therapeutics tekur fyrir hraðpróf í dag nemur 6.980 krónum.

Að undanförunu hafa það helst verið erlendir ferðamenn á leið utan sem nýtt hafa þjónustu félags-



Hákon Hákonarson hjá Arctic Therapeutics



Hraðpróf Arctic Therapeutics kostar í dag 6.980 krónur.

ins, sem stendur til boða í Hörpu og á Akureyri. Eigendur félagsins eru Hákon Hákonarson og Bandaríkjamennirnir David H. Moskowitz og Philip Harper. ■

Íslenskur fréttamaður til Úkraínu í boði Pútíns

Haukur Hauksson ferðaðist á átakasvæði í Úkraínu í boði rússneskra stjórnvalda. Hann gefur lítið fyrir vestrænan frétttaflutning af stríðinu og kveðst óhræddur við að deyja.

tsh@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Fjölmíðlamaðurinn Haukur Hauksson er um þessar mundir staddur í Úkraínu í sérstakri ferð fyrir fjölmíðlafólk í boði rússneskra stjórnvalda. Er blaðamaður náði tali af Hauki var hann staddur í austurhluta Úkraínu í hinu svokallaða Donetsk alþýðveldi, rússneskumælandi héraði sem lýsti yfir sjálfstæði 2014.

„Þetta eru ferðir sem eru skipulagðar af fréttamannaþjónustu varnarmálaráðuneytis Rússlands fyrir innlenda og erlenda fréttamenn, til að sýna þeim hvernig málin standa frá fyrstu hendi. Reyndar tekur meginstraums pressan ekki þátt í þessu, það er að segja BBC, CNN, Reuters, Guardian og þeir sem yfirleitt er vitnað í af öðrum,“ segir Haukur, en hann hefur nýtt ferðina til að sanka að sér efni fyrir fyrirhugaða YouTube-rás.

Haukur er rússneskumælandi og hefur verið búsettur í Moskvu í rúm þrjátíu ár. Hann telur mikilvægt að fara til Úkraínu og upplifa átökin með eigin augum og er gagnrýninn á fréttir sem birtast af stríðinu í vestrænum fjölmíðlum. Að hans mati hefur Úkraína þróast út í ákveðið bananálýðveldi Vesturlanda „ekki síst með hjálp Biden-fedga“.

„Stór faktor í þessu er það að þeir auvirða öryggiskröfur Rússa og svo útpensla NATO, sem er orðin mjög áberandi og mikil, sem Rússar vildu setjast niður og ræða en fá puttann í rauninni, þar á meðal frá íslenskum stjórnvöldum, en sérstaklega frá Antony Blinken utan-



Horft yfir rústir Asovstal stáliðjuversins í Mariupol sem hart var barist um.

MYND/HAUKUR HAUKSSON



Haukur á brúnni hjá Asovstal stáliðjuverinu. MYND/HAUKUR HAUKSSON

Einn viðkomustaður Hauks var hafnarborgin Mariupol sem vargrátt leikin og meira og minna lögð í rúst áður en hún féll í hendur Rússa.

„Asovstal, þarna er púður, líklykt og saggi í lofti, blautar dýnur og annað. Þú ert að sjá við hvað þetta fólk er upp alið,“ segir Haukur.

Í gær beið Haukur þess að komast aftur heim til Moskvu en ferðaáætlunin var augljóslega breytingum háð vegna ótta við ársir. Hann þvertur þó fyrir að vera stressaður eða hræddur.

„Manns dauði kemur einhvern tíma. Ég tel bara nauðsynlegt að menn viti og þekki inn á þetta. Það er líka ábyrgðarleysi að kynna sér ekki hlutina ofan í kjölinn. Forsagan og forleikurinn að þessu er tragedía. En mín samviska er hrein og ef ég drepst hérna þá bara er það hið besta.“ ■

ríkisráðherra Bandaríkjanna og Joe Biden forseta. Ef þetta hefði gerst í tíð Trumps þá hefði þetta sennilega ekki gerst því hann hefði sest niður með Rússum og byrjað að ræða öryggiskröfur Pútíns forseta og Sergej Lavrovs.“

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN & GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN
HYBRID



SUZUKI ACROSS PLUG-IN HYBRID ER SPARNEYTINN,
UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR SPORTJEPPI

VERÐ KR.
8.990.000

SUZUKI
5
ÁRA
ÁBYRGÐ

4X4

SUZUKI ACROSS
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast
í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílnum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvelli: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi

YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Lánabreyting komi of seint

sbt@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL „Þetta er seint í rassinn gripið,“ segir Þórólfur Matthíasson prófessor í hagfræði, um ákvörðun Fjármálastöðugleikaneftndar, að lækka hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána við fyrstu kaup.

Þórólfur segir að ákvörðunin hefði mátt koma fyrir til þess að vega upp á móti eftirspurninni. „Gráðan af erfiðleikum er mest hjá fyrstu kaupendunum og síðan hjá þeim sem eru með mjög skuldsettar eignir en vilja stækka við sig,“ segir hann. Hann segir fólk sem er með skuldlausu eign ekki muna finna fyrir ákvörðuninni. ■



Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði.

Tvöfalt verðlag samanborið við nágrannalönd

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Verðmunur á mjólkurvörum milli Íslands og nágrannalöndanna hleypur á tugum prósentu og getur farið yfir 100 prósent, jafnvel í 275 prósent í sumum tilfellum.

Þetta kemur fram í samanburði sem Veritabus gerði á verði innkaupakörfu hér á landi, í Svíþjóð, Bretlandi og Frakklandi.

Viðmiðunarverð héraðs er fengið í Krónunni, sem var með ódýrustu körfuna af þeim íslensku verslunum sem verð var kannað hjá. Könnunin var einungis gerð í verslunum sem eru með vefverslanir og þess vegna er Bónus ekki með í könnuninni.

Grísk jógúrt er tvöfalt dýrari hér á landi en í öllum þremur samanburðarlöndunum. Salatostur í kryddolíu er á bilinu 96-275 prósentum dýrari hér á landi. Camembert er riflega tvöfalt dýrari hér en í Svíþjóð, Bretlandi og Frakklandi.

Svo virðist sem mikill verðmunur milli Íslands og nágrannalöndanna stafi fyrst og fremst af því að landbúnaðarafurðir eru tugum og jafnvel hundruð prósentum dýrari hér á landi en annars staðar. ■

Sölutími íbúða ekki styttri frá upphafi mælinga

ser@frettabladid.is

FASTEIGNIR Meðalsölutími á íbúðum sem seldar voru á höfuðborgarsvæðinu í apríl var 34,7 dagar og hefur ekki mælst jafn stuttur frá upphafi mælinga.

Þetta kemur fram í nýjum tölum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, en sérfræðingar hennar eru með puttann á púlsi fasteignamarkaðarins.

Þeir segja jafnframt að heimilin í landinu búi að góðu veðrymi. Á

einum áratug, frá 2010 til 2020, hafi skuldahlutfallið að jafnaði hellingast, farið úr 45,7 prósentum af verðmæti íbúða niður í 28,2 prósent.

Heldur hafi dregið úr viðskiptum á fasteignamarkaði vegna eftirspurnarþrýstings, en þrátt fyrir það hafi met verið slegið í apríl, annan mánuðinn í röð, þegar 54 prósent íbúða á landinu hafi selst yfir ásettu verði.

Nokkur munur sjáist þar á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni,



Hefur hækkunin ekki verið meiri að minnsta kosti síðan fyrir hrun.

Samantekt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

en 65 prósent íbúða í fjölbýli á fyrirnefnda svæðinu hafi selst yfir ásettu verði og 53 prósent í sérbyli. Úti á landi hafi 45 prósent íbúða í fjölbýli selst á yfirverði, en 32 prósent í sérbyli.

Í samantekt stofnunarinnar kemur líka fram að fasteignamat íbúða á höfuðborgarsvæðinu hækkadi að meðaltali um 23,6 prósent á milli ára og „hefur hækkunin ekki verið meiri að minnsta kosti síðan fyrir hrun,“ eins og þar segir orðrétt. ■

Ölduspákerfi Reynisfjöruru safnar ryki

Ölduspákerfi sem átti að nota sem tól til að vara við hættulegum aðstæðum í Reynisfjöruru hefur ekki verið kynnt eða tekið í gagnid. Tuttugu milljónum var varið í kerfið árið 2017 en enn er ekki orðið til viðvörðunarkerfi sem notast við það.

thorgrimur@frettabladid.is

REYNISFJARA Enginn notar ölduspákerfi sem hannað var sem grunnur fyrir ætlað viðvörðunarkerfi við Reynisfjöruru. Vonir stóðu til þess að spákerfið myndi vara ferðamenn við hættulegum aðstæðum í fjörunni en það hefur hvorki verið tengt við frekara viðvörðunarkerfi né kynnt eða auglýst og safnar því ryki á vefsíðu Vegagerðarinnar. Fjögur banaslys hafa orðið í fjörunni frá árinu 2016, hið síðasta á föstudaginn var.

„Það fer enginn á vef Vegagerðarinnar til að tékka á hvernig staðan er,“ sagði Fannar Gíslason, forstöðumaður hafnadeildar hjá Vegagerðinni. „Það veit enginn um þetta.“

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, þáverandi ferðamálaráðherra, fól Ferðamálastofu að ganga til samninga við Vegagerðina um þróun ölduspákerfisins árið 2017. Um 20 milljónir króna voru settar til hliðar af fjárveitingum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna þróunar kerfisins. Með kerfinu er hugbúnaður notaður til þess að reikna öldur af hafi nokkra daga fram í tímann.

„Við erum með þetta kerfi uppsett hjá okkur á vef Vegagerðarinnar,“ sagði Fannar við Fréttablaðið. „Það var hlutverk okkar að setja þetta tól á laggirnar en það er hlutverk Almannavarna að nýta það. Þessar tuttugu milljónir voru settar



Fannar Gíslason, forstöðumaður hafnadeildar hjá Vegagerðinni, telur að fátt muni koma að notum annað en að hafa vörð staðsettan á Reynisfjöruru.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það fer enginn á vef Vegagerðarinnar til að tékka á hvernig staðan er.



Fannar Gíslason, forstöðumaður hafnadeildar hjá Vegagerðinni

í að setja upp ölduspána og einnig áhættumat og greiningu á því sem ætti að gera. Hlutirnir flæktust þegar átti að ákveða hvernig það yrði tilkynnt að það væri hættu. Í dag er kerfið bara á netinu og það kemur grænn, gulur eða rauður litur eftir því hvernig sjólag er, bæði varðandi sjávarhæð og ölduhæð og öldulengd.“

Fannar segir að hugsunin hafi verið að kerfið yrði tengt við flögg eða ljós við Reynisfjöruru, en slíkt viðvörðunarkerfi hafi aldrei verið sett upp. „Það var búið að kaupa einhverja staura en þeir voru ekki uppsettir því það þurfti að hafa skiltin samræmd og samræmda útlitið var ekki til á Íslandi. Þetta verkefni var litið til að byrja með en varð að einhverju skrimslu.“

Fannar sagðist efast um að viðvörðunarkerfið myndi nægja til að

koma í veg fyrir slys við Reynisfjöruru þótt það yrði sett upp. Meðal annars benti hann á að viðvörðunargestigið hafi aðeins verið gult á föstudaginn, þegar síðasta slysið varð. „Við þekkjum þetta með göngustígana við Gullfoss. Stundum er þeim lokað en samt labbar fólk fram hjá. Og þegar fjallavegum er lokað vegna ófærðar eru alltaf einhverjir hálfvitar sem keyra fram hjá skiltunum. Ég held að það þyrfti að hafa einhvern vörð þarna eins og á erlendum ströndum.“

„Það er nefnd í þessu og það gengur allt hægt hjá henni,“ sagði Fannar. „Landeigendurnir eru ekki alveg blásaklausir. Eðlilega hafa þeir skoðanir á þessu. Þetta stendur ekki á þeim núna, en á sínum tíma voru auðvitað miklar vangaveltur um það hvernig útsetningin ætti að vera, sem olli töfum.“ ■

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep® Wrangler Rubicon 4xe goðsögnin rafmagnaða hefur svo sannarlega slegið í gegn og sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Bjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHILÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID




Jeep

ISBAND

PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP IS

NÝ SENDING AF FJÖLÆRINGUM



Njótum garðsins!

Það er einfalt, skemmtilegt og hagkvæmt að rækta sitt eigið salat og matjurtir. Mikilvægt er að undirbúa jarðveginn vel með góðri næringu og vökva ríkulega eftir að plönturnar eru settar niður.

SUMARBLÓMATILBOÐ



MARGARITA 1.290KR




Hæ hó og jibby jeil!

Úrval af samplöntunum og blómvöndum til að gera fallett fyrir Þjóðhátíðardaginn.

TILBOÐ

FORRÆKTABAR
MATJURTAPLÖNTUR

4STK 750KR



FRÆ
20%

NÚ ER TÍMINN TIL AÐ SÁ
BEINT ÚT Í BEÐ FYRIR
SALATI, KRYDDJURTUM O.FL.



NELLIKA 990KR



SÓLBODI 990KR



GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á gardheimar.is

Athugun á innkaupum í faraldrinum möguleg

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun metur nú hvort hefja eigi athugun á innkaupum ríkisins á tímum Covid.

Fréttablaðið hefur sagt frá kaupum Landspítalans á vörum frá heildsölunni Lyru á tímum kórónaveirufaraldursins. Víkið var frá kröfu um útboð í þeim viðskiptum á grundvelli neyðarréttar. Lyra meira en fjórfaldaði veltu sína milli ára og nærri helmingurinn af 4.250 milljóna króna sölu var hreinn hagnaður.

„Þetta hefur sannarlega vakið okkur til umhugsunar þegar við horfum á þessi heildrænu áhrif af því að þarna eru vissulega verulega mikil útgjöld,“ segir Guðmundur B. Helgason ríkisendurskoðandi.

„Við höfum verið að skoða áhrif heimsfaraldursins á ríkissjóð og ákveðna ríkisaðila,“ segir Guðmundur og vísar til fyrri skýrslna.

„Þessi vinkill er eitthvað sem við höfum tekið eftir og höfum sannarlega auga á hvort ástæða kunni að vera til að skoða nánar innkaupa-

”

Þetta hefur sannarlega vakið okkur til umhugsunar.



Guðmundur Björgvin Helgason, ríkisendurskoðandi

ferla hjá hlutaðeigandi ríkisaðilum. Við höfum enga ákvörðun tekið um að ráðast í sérstaka úttekt á þessu stigi en höfum auga á þessu í samhengi við annað,“ svarar ríkisendurskoðandi, um hvort viðskipti eins og fyrirnefnd innkaup Landspítalans verði tekin til skoðunar. ■



Ómíkrón-afbrigðið vakti áhyggjur yfirvalda í Bretlandi í fyrra og fólk flyktist í bólusetningar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ómíkrón undir radarnum og hindrar ekki smit síðar

Umfangsmikil rannsókn í Bretlandi sem staðið hefur frá upphafi kórónaveirufaraldursins bendir til þess að smit af Ómíkrón-afbrigði veirunnar veiti litla vörn gegn smiti síðar. Ónæmiskerfið geti ekki lagt Ómíkrón á minnið

gar@frettabladid

COVID-19 Smit af Ómíkrón-afbrigðinu af Covid veitir litla vörn gegn síðara smiti með því að efla ónæmiskerfið, jafnvel meðal þeirra sem eru þrífólusettir.

Þetta er niðurstaða greiningar sem gerð var í Bretlandi.

Samkvæmt Skynews skýrir þetta hvers vegna svo margir hafi smitast í annað sinn af Covid, jafnvel tvisvar af Ómíkrón á meðan bylgja þess afbrigðis hefur gengið yfir.

„Það að smitast af Ómíkrón eflir ekki mikið ónæmi gegn síðara smiti af Ómíkrón,“ segir Rosemary Boyton prófessor við Skynews.

Boyton er ónæmisfræðingur við Imperial College í London. Hún leiddi rannsókn á Covid í heilbrigðisstarfsfólki.

Niðurstaðan bendir til þess að Ómíkrón-smit veiti ekki aukna vernd gegn nýjum undirafbrigðum af Ómíkrón sem hafa verið að dreifa

”

Ómíkrón er fjarri því að vera sá náttúrulegi ónæmishvati sem við gætum hafa haldið að það væri, heldur er það mjög öflugt í að komast fram hjá ónæmiskerfinu.



Danny Altmann, prófessor við Imperial College í London

sér í Bretlandi að undanförunu. Taka skal fram að í rannsókninni var aðeins horft á smit af Covid og að bóluefnin halda áfram að veita góða vörn gegn því að þeir smitast verði alvarlega veikir eða látist.

Tekin voru blóðsýni úr yfir sjö hundruð starfsmönnum í heilbrigðiskerfinu, sem fylgst hefur

verið með frá því á fyrstu mánuðum faraldursins, eða frá því í mars 2020. Þannig hefur verið hægt að fylgjast með örvunaráhrifum mismunandi Covid-smita á mismunandi þætti ónæmiskerfisins.

Segir Skynews þá mynd hafa dregist upp að þeir sem ekki höfðu fengið Covid áður en smituðust af Ómíkrón-afbrigðinu eftir að hafa fengið þrjá bóluefnaskammta, höfðu gott ónæmi gegn Alfa- og Delta-afbrigðunum af Covid en síður gegn Ómíkrón. Og fyrri smit með öðrum afbrigðum höfðu ekki heldur mikil áhrif á ónæmiskerfið gagnvart Ómíkrón.

Enn fremur segir í frétt Skynews að þeir sem smituðust af Alfa-afbrigðinu á fyrri stigum faraldursins hafi minni mótefnasvörun gegn Ómíkrón og að Ómíkrón-smit hafi ekki eflt ónæmissvörun þeirra í heild.

„Við komumst að því að Ómíkrón er fjarri því að vera sá náttúrulegi ónæmishvati sem við gætum hafa haldið að það væri, heldur er það mjög öflugt í að komast fram hjá ónæmiskerfinu,“ segir að Danny Altmann prófessor, sem einnig kom að rannsókninni hjá Imperial College. „Ómíkrón flýgur undir radarnum svo ónæmiskerfið getur ekki lagt það á minnið.“ ■



Regnbogalitirnir eru illa séðir í Sádi-Arabíu, þar sem samkynhneigð getur varðað dauðarefsingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sáðar reyna að uppræta regnbogaliti

thorgrimur@frettabladid.is

SÁDÍ-ARABÍA Stjórnvöld í Sádi-Arabíu hafa hafið herferð gegn munum í regnbogalítum í landinu, sér í lagi leikföngum og öðrum hlutum í eigu barna. Ríkisfjölmiðillinn Al-Ekhbariya greindi frá því í gær að í nýlegum rassíum hafi embættismenn lagt hald á muni eins og slaufur, pils, hatta og pennaveski í regnbogalítum.

„Við erum að fara í gegnum hluti sem stríða gegn íslamskri trú og almennu siðferði og kynna samkynhneigða liti sem beint er að yngri kynslóðinni,“ sagði embætt-

ismaður verslunarráðuneytisins. Stjórnvöld hafa látið þau orð falla að regnbogalitirnir sendi börnum „eitruð skilaboð“.

Sádi-Arabía hefur nýverið átt í deilum við bandarísk kvikmyndafélög og farið fram á breytingar á myndum þar sem samkynhneigð er sýnd. Meðal annars reyndu Sáðar að fá Disney til að fjarlægja vísanir til hinsegin fólks úr nýju kvikmyndinni um Doctor Strange, auk þess sem nýja Pixar-teiknimyndin um Bósa ljósár verður ekki sýnd í kvikmyndahúsum landsins vegna koss milli samkynja persóna í henni. ■

HVERT FERÐU Í HJÓLATÚR Í SUMAR?

20% afsláttur Öll reiðhjól



GÖTUHJÓL

28" götueiðhjól sem hentar vel til hjólréiða innanbæjar. 6 girar Shimano. V-handbremsur, kemur með bögglaþera og brettum.

28"

-20%

Vnr. 49620200

23.196

Almennt verð: 28.995

SAMAN Í 60 ÁR

BYKO



Meira grill og góðgæti

HAGKAUP

Tilboð gilda út 19. júní

30%
feitur



Grill hambogarinn
2 x 130 g

899 kr/pk

Frysti-
vara



Argentískar
kóngarækjur 500 g

1.799 kr/pk

20%
afsláttur



Chipotle
lambaprime
Verð áður 4.099

3.279 kr/kg



7up frískandi sítrónu-
og limebragð
án sykurs 330 ml

125 kr/stk



Olw snakk með sjávarsalti
og svörtum pipar

349 kr/pk

50%
afsláttur



50% afsláttur af
nammilandi 16.-18. júní
Verð áður 2.899

1.450 kr/kg



Flutningar á korni frá Indlandi hafa að mestu verið stöðvaðir vegna hitabylgjunnar sem reið yfir landið í vor. Margir samverkandi þættir stuðla að matvælakreppunni, ásamt innrásinni í Úkraínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Óttast matvælakreppu vegna Úkraínustríðsins



Þorgrímur Kári Snævarr
thorgrimur@frettabladid.is

Alþjóðastofnanir vara við því að allsherjar matvælakreppa sé í uppsiglingu á heimsvísu. Truflanir á matvælaflutningum vegna innrásarinnar í Úkraínu spili þar saman við þætti eins og önnur stríðsátök, eftirköst kórónaveirufaraldursins og uppskerubrest vegna loftslagsbreytinga.

FRÆÐUÖRYGGI Heimurinn stendur á barmi matvælakreppu sem gæti orðið sú versta í marga áratugi. „Við stöndum frammi fyrir fullkomnu fávíðri sem mun ekki aðeins bitna á hinum allra fátækustu – heldur mun það einnig bera ofurlíði milljónum fjölskyldna sem hafa hingað til rétt náð að halda sér á floti,“ sagði David Beasley, framkvæmdastjóri Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP), á mánudaginn.

„Aðstæðurnar nú eru miklu verri en í arabíska vorinu árið 2011 og í matvælaáætluninni 2007-2008, þegar pólitískur órói, uppþot og mótmæli sköku 48 lönd. Við höfum þegar séð hvað er að gerast í Indónesíu, Pakistan, Perú og Srí Lanka. Það er bara toppurinn á ísjakanum. Við höfum lausnir. En við verðum að grípa til aðgerða, og það fljótt.“

Vísitala matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) náði sögulegu hámarki í mars síðastliðnum. Nam hún þá 159,7 stigum, sem er það hæsta sem hefur mælst frá upphafi mælinga á tíunda áratugnum. Á mánudaginn gáfu FAO og WFP út viðvörðun um yfirvofandi matvælakreppu vegna stríðsátaka, loftslagshamfara, eftirkasta kórónaveirufaraldursins og mikillar skuldabyrði almennings.

Hveiti að rotna í gámum

Verðbólga í matvælaáætluninni hefur ágerst vegna innrásar Rússa í Úkraínu, sem hefur raskað matvælaframleiðslu og flutningi mat-

væla. Áður en innrásin hófst hafði matvælaáætlunin þegar farið hækkað, meðal annars vegna flutningaörðugleika og flöskuhálsa í siglingaleiðum í kórónaveirufaraldrinum og skyndilegrar aukningar eftirspurnar við afléttingu sóttvarnaaðgerða.

Um 30 prósent af útflutningi á hveiti á heimsvísu kemur frá Úkraínu og Rússlandi og um 15 prósent af heimsútflutningi á jurtaolíu. Níu prósent hlutur Úkraínu er nánast alveg útilokaður frá heimsmörkuðunum og víða er úkraínsk hveituppskera að rotna í vöruhúsum, þar sem ekki er hægt að flytja hana út. Rússar hafa einnig hægt á útflutningi frá sínum höfnum, þar sem litið er á Asovshaf og norðanvert Svartahaf sem áhættusvæði. Stríðið hefur því stuðlað að hækkuðum hveitiverðum um allan heim. Hveiti og kornvörur eru jafnan fluttar gegnum Bospórusund frá Svartahafi inn í Miðjarðarhaf, þaðan sem hægt er að flytja það til Norður-Afríku eða til Miðausturlanda gegnum Súeskurðinn. Flutningar eftir öðrum leiðum yrðu bæði seinlegri og dýrari.


Ekki skortur heldur verðlag

Lönd sem flytja inn mikið af hveiti og korni, til dæmis Egyptaland, hafa til skamms tíma þurft að leita annað eftir þessum vörum. Hins vegar er kornverslun við önnur lönd jafnan dýrari og hefur auk þess orðið fyrir áhrifum af loftslagsmálum. Indland er til dæmis framfarlega í heildarhveitiræktun á heimsvísu, en stjórn Indlands hefur sett dreifingu hveituppskeru innanlands í forgang, þar sem hluti uppskerunnar hefur orðið fyrir skemmdum eftir hitabylgju sem skall á landið fyrir á árinu.

Luca Russo, landbúnaðarhagfræðingur hjá FAO, sagði við Al Jazeera í síðustu viku að þetta kreppuástand væri ekki vegna mat-


Tilraunir til að opna fyrir útflutning á úkraínsku hveiti

Sameinuðu þjóðirnar standa í erfiðum samningaviðræðum við Rússland til að hefja útflutning á úkraínskum kornvörum á ný í skugga alþjóðlegrar matvælaöryggiskreppu.



*Hveiti, bygg, mais, repjufræ og sólblómaolía og -fræ. Byggt á gögnum frá 2020.

Valdar útflutningsafurðir, 2021 (í milljónum tonna)



Heimild: AFP, FAO, UNCTAD

Mynd: Newscom

© GRAPHIC NEWS



Við höfum lausnir. En við verðum að grípa til aðgerða, og það fljótt.

væla skorts, heldur hækkað verðlag. Meðal annars ylli hækkað orkuverð því að hjálparstofnanir gætu ekki komið eins miklum mat til þeirra sem þarfnast hans fyrir sama fé og áður. Hins vegar kann áframhaldandi styrkjöld í Úkraínu brátt að valda raunverulegum skorti. „Ef stríðið heldur áfram verður árið 2023 mjög, mjög hættu-



Barnasýning
ársins 2022

EMIL

Astrid Lindgren
í Kattholti



Sýning ársins
2022

9líf

Bubbi Morthens
Söngleikur



9líf

Halldóra Geirharðsdóttir

Leikkona ársins í aðalhlutverki
& Söngvari ársins



Ein
komst
undan

Margrét Guðmundsdóttir

Leikkona ársins í aukahlutverki



Umbúðalaust

Umbúðalaust

Sproti ársins

Takk fyrir okkur

Við þökkum áhorfendum samfylgdina
í vetur. Sjáumst á nýju spennandi leikári!
Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is



Mannekla veldur stjórnendum áhyggjum

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir aukinnar svartsýni gæta meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins, vegna þess hve erfiðlega gengur að manna störf. Hann segir brýnt að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk utan EES flytji til landsins.

ggunnars@frettabladid.is

Samtök atvinnulífsins og Seðlabankinn kanna með reglubundnum hætti framtíðarhorfur íslenskra fyrirtækja út frá viðhorfi stjórnenda.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir nýjustu könnun samtakanna sem birt var í vikunni, benda til þess að bjartsýni sé á hröðu undanhaldi í íslensku atvinnulífi. „Þetta eru nokkuð skörp skil frá fyrri könnunum. Stjórnendur meta stöðuna ágæta í dag, en það sem veldur áhyggjum er hvernig þeir sjá næstu sex mánuði fyrir sér.“

Samkvæmt könnuninni telja stjórnendur útlitið sannarlega dökkt vegna hækkandi verðbólgu en ekki síður vegna þess hversu erfiðlega gengur að manna störf. „Það er þessi vaxandi mannekla sem virðist hvíla mjög þungt á fólki í nær öllum atvinnugreinum.“

Halldór segir þessa niðurstöðu ekki koma sér á óvart. Hann hafi á nýlegri hringferð samtakanna um landið fengið sambærileg viðbrögð frá forsvarsmönnum fyrirtækja. „Það er alveg sama hvar við



Halldór Benjamín segir bráðnaðsynlegt að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk utan Evrópu setjist hér að. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ráðherranefnd um málefni innflytjenda hefur meðal annars það verkefni að einfalda umsóknarferli um dvalar- og atvinnuleyfi einstaklinga sem sinna störfum sem krefjast sérfræðiþekkingar.

komum. Vandamálið er alls staðar það sama. Það eru mun fleiri störf í boði en hægt er að manna. Í nær öllum atvinnugreinum.“

Að mati Halldórs á þetta vandamál bara eftir að vaxa. „Þetta er grafalvarlegt því meginforsenda þess að við náum að standa undir hagvexti er að okkur takist að manna störf.“

Hann bendir á að Ísland borgi ein hæstu laun í heimi og hér séu lífskjör góð. „Stóra málið er að við verðum að einfalda regluverkið og draga úr hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk, sem kemur frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins, setjist hér að.“

Nýlega tilkynnti Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra að ráðherranefnd um málefni innflytjenda hefði meðal annars fengið það verkefni að einfalda umsóknarferli um dvalar- og atvinnuleyfi einstaklinga



Ísland á að stíga stór skref á næstu misserum og einfalda fólki utan EES að taka þátt í samfélaginu okkar og byggja þannig undir bætt lífskjör okkar allra.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

sem sinna störfum sem krefjast sérfræðiþekkingar. Halldór segir Samtök atvinnulífsins fagna þessari ákvörðun. Hún sé skref í rétta átt og sýni að stjórnvöld séu að átta sig á alvarleika málsins.

„Mín persónulega skoðun er alveg skýr í þessum efnum. Ísland á að stíga stór skref á næstu misserum og einfalda fólki utan EES að taka þátt í samfélaginu okkar og byggja þannig undir bætt lífskjör okkar allra. Við erum í harðri samkeppni við önnur lönd um fólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn og við verðum að ryðja þessum hindrunum og hömlum úr vegi. Þær veikja stöðu okkar. Þetta er aðkallandi vandamál í dag en það á bara eftir að vaxa ef við grípum ekki til markvissra aðgerða og vinnum þetta hratt, segir Halldór Benjamín. ■

Komum hlutunum á hreyfingu

Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.





ÚRVAL ÚTSÝN

GÓÐIR FLUGTÍMAR Í
BEINU FLUGI TIL ÍTALÍU
INNRIÐUR FARANGUR
INNIFALINN Í VERÐI

FLUG
TILBOÐ
TIL VERONA
19. - 26. JÚNÍ
39.900 KR.

ÞITT ÍTALSKA ÆVINTÝRI

ÚRVAL EINSTAKRA FERÐA TIL ÍTALÍU

FLUG, GISTING OG BÍLL
ALLUR PAKKINN Á EINUM STAÐ Í GARÐA

FRELSI



26. JÚNÍ - 03. JÚLÍ MARGAR DAGSETNINGAR Í BODI Í SUMAR

4* Gisting, flug og leigubíll í viku á enn betra verði.

Einfaldaðu lífið og bókaðu allan pakkann í einu.

VERÐ FRÁ **184.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

RÓM
HELGARFERÐ TIL RÓMAR



Gréta S. Guðjónsdóttir

31. ÁGÚST - 04. SEPTEMBER

Rómurborg sjálf, er eins og eitt stórt lifandi safn hvert sem augum er litið.

VERÐ FRÁ **129.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GARÐAVATN OG NÁGRENNI
Í ÍTÖLSKU ÖLPUNUM



Kristín Helga Gunnarsdóttir

28. ÁGÚST - 04. SEPTEMBER

Fáir staðir á Ítalíu hafa notið jafn mikilla vinsælda og Gardavatnið, sem er talið eitt fegursta stöðuvatn landsins.

VERÐ FRÁ **289.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

TÖFRAR SIKILEYJAR
ÍTALÍA



Margrét Laxness

26. SEPTEMBER - 06. OKTÓBER

Ítalska eyjan Sikiley hefur yfir sér sérstakan sjarma og er sér á báti á margan hátt.

VERÐ FRÁ **298.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

CHERVÓ GOLF HOTEL
LÚXUS GOLF HJÁ VERONA

GOLFFERÐ



04. - 11. SEPTEMBER EÐA 11. - 18. SEPTEMBER

Einstök ferð og einstakur golfvöllur með nóg af sól, menningu, mat og golf.

VERÐ FRÁ **299.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

ÍTÖLSK HJÓLAFERÐ
VERONA OG GARÐAVATN



Rakel Loga

11. - 18. SEPTEMBER

Í þessari ævintýrlegu hjólaferð verður hjólað í Verona og við Gardavatnið undir fararstjórn Rakel Loga.

VERÐ FRÁ **319.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFARENGL.

Pólitísk krísa



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er nokkur ráðgáta að Framsóknarflokkurinn skuli vera lukkulegastur allra stjórn málaafli á Íslandi um þessar mundir. Stóra spurningin er auðvitað hvort hann hafi unnið til þeirra vinsælda sem hann nýtur í hverri könnuninni af annarri – og það sem meira er, í kosningum sömuleiðis.

Flokknum hefur oft verið legið á hálsi fyrir að vera hækja Sjálfstæðisflokksins og haldið fyrir vikið íhaldinu að völdum, einkum og sér í lagi í landsstjórninni, en einnig í sterkum sveitarfélögum.

Nú bregður hins vegar svo við að hann leitir til vinstri í höfuðborginni eftir frækinn kosningasigur og virðir hægrimenn ekki viðlits á þeim bænum.

Þetta er höfuðeðli flokksins. Hann er opinn í báða enda – og hefur löngum verið orlagavaldurinn við myndum meirihluta í íslensku pólitík.

Hér hefur áður verið skrifað um velmegun Framsóknarflokksins og vöngum velt yfir því hvort ytri aðstæður séu honum hagfelldari en öðrum flokkum. Ofan í heimsfaraldur brýst út Evrópustríð með þeim óskapans fylgikvillum sem óðaverðbólga og matvælakreppa eru, aðeins rifum áratug eftir efnahagshrun.

Mildi miðjunnar er kannski svarið við þessu árans basli – og kannski eru tímar öfganna að baki, þar sem frjálshyggja þykir jafn ónýtt og ríkisvæðing. Og gott ef það er ekki bara beinlínis heimilislegt að kjósa Framsókn fyrir vikið, á sama hátt og fólk byrjaði að gera við fötin sín og heimilistæki eftir hrun, frekar en að henda öllu saman á haugana.

En líklega er myndin flóknari en svo. Og þá er nærtækast að horfa til annarra hefðbundinna flokka í íslensku stjórn málaakerfi – og spyrja þeirrar eðlu spurningar hvernig þeim líði.

Þar má heita að sama svarið gildi um þá alla. Krísa. Kreppa. Pólitísk hugmyndaafátækt og fúllyndi.

Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Vinstri græn glíma við tilvistarkreppu. Það á við um alla þessa flokka og er á vissan hátt sögulegt í íslensku pólitík, að svo stór hluti flokka kerfisins eigi bág á sama tíma.

Samfylkingin er ekki sá breiði flokkur sem hann var. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að þrengjast sakir afturhaldssemi. Viðreisn hefur ekki tekist að höfða til fjöldans. Og Vinstri græn eru orðin nýja hækja íhaldsins.

Ekki nokkur þessara flokka talar af pólitískri sannfæringu út fyrir misjafnlega þröngar raðir sínar. Og á meðan þeir tapa allir hlýtur einhver annar að vinna. Og því þá ekki bara Framsókn. ■

”
Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Vinstri græn glíma við tilvistarkreppu.


FRÉTTAVAKTIN
KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA VAKTIN

HRINGBRAUT

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Matseðlarnir

Það er næsta vonlaust fyrir íslensk gamalmenni að fara út að borða. Skrifari þessara orða varð þessa var á veitingahúsi á dögnum, en þar sátu hugumprúðir öldungar, líklega hjón til heilmargra ára og virtust vera að leita að matseðlinum. Eftir nokkra leit veifuðu þau þjóni, sem benti orðalaut á einhvern kóða í borðplötunni, en hjónin voru litlu nær, höfðu aldrei þurft að skoða matseðil á símaskjánum sínum. Svo þau veifuðu þjóninum aftur, svolítið pirruð á svip – og spurðu hreinskilnilega hvort þau gætu ekki bara fengið útprentaðan seðilinn. Og það stóð ekki á svari: English please ...

Enskumælandi

Enskumælandi þjónar eru að verða eitt helsta einkennistákn íslenskra veitingahúsa – og nú er svo komið að venjulegum kúnna bregður við að hitta fyrir íslenskumælandi frammistöðumann – og gott ef hann fer bara ekki í kerfi ef hann mætir einum slíkum, altso, vefjist tunga um tönn. Og talandi um heldra fólkið á Íslandi: Það á ekki bara erfitt með að fara út að borða heldur líka að verða innlyksa í landinu, svo tæknilega-tungumála-fráhrindandi er að komast klakklaut í gegnum Ísavia-rugludellu-Leifsstöðvar-limbóid. ■

Kyrrstaðan rofin



Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Nú í vikunni lýkur Alþingi störfum að sinni og verða ýmis mikilvæg mál afgreidd. Meðal þeirra eru þrjú mál sem ég lagði fram á þessu ári. Segja má að kyrrstaðan sé rofin og enn eykst krafturinn í loftslagsmálunum.

Helst ber að nefna að þinginu tókst að ná samstöðu um afgreiðslu þriðja áfanga rammaáætlunar. Áætluninni er ætlað að skapa jafnvægi milli verndar og nýtingar náttúruauðlinda okkar Íslendinga. Þingið á að taka rammaáætlun til umfjöllunar á fjögurra ára fresti. Ekki hefur náðst að afgreiða málið í níu ár en það hefur verið lagt fram fjórum sinnum. Háleit markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og niðurstaða grænbókar um stöðuna í orkumálum, virðist hafa gert þingi og þjóð ljóst að ekki stendur lengur til boða að bíða. Markmiðin kalla á græn orkuskipti og afla þarf grænnar orku. Bæði með því að nýta betur þá innviði sem við þegar búum að en einnig með nýjum virkjunum. Það er því sérstakt fagnadarefni að þinginu hafi loks tekist að klára þetta erfiða verkefni sem rammaáætlun hefur reynst vera.

Þingið samþykkti einnig tvö frumvörp sem eru liðir í að markmið um kolefnishlutleysi og græn orkuskipti náist. Annars vegar að stækkun virkjana á svæðum sem nú þegar eru röskuð þurfi ekki að fara í gegnum ferli rammaáætlunar, sem auðveldar aukningu á afköstum virkjana sem nú þegar eru til staðar. Hins vegar frumvarp um niðurgreiðslur vegna húshitunarkostnaðar, sem felur í sér breytt fyrirkomulag stuðningskerfis vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og bættrar orkunýtingar fyrir þá sem hita hús sín með raforku. Núverandi stuðningskerfi hefur reynst flókið og óskilvirkt og er þessi breyting því kærkominn.

Ljóst er að þau háværu gifuryrði sem heyrst hafa úr ranni stjórnarandstöðunnar um að ríkisstjórnin aðhafist ekkert til að ná loftslagsmarkmiðum Íslands eru rangar. Við sýnum það með verkum okkar að okkur er full alvara. ■

”
Markmiðin kalla á græn orkuskipti og afla þarf grænnar orku.

Stór kaflaskil eða smá?

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Með myndun nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur hefur Framsókn í fyrsta skipti í sögunni tryggt sér stól borgarstjóra.

Ólafur Harðarson, fyrrum prófessor í stjórnmálafræði, hefur réttilega dregið fram að þetta er viðburður, sem markar pólitísk kaflaskil.

Breytingin í Reykjavík hefur þó tæplega afgerandi áhrif á borgarsamfélagið. Hitt er stærri spurning: Munu kaflaskilin hafa áhrif á landsmálapólitíkina?

Ný ásjóna

Umræða um nýjan borgarstjórnarmeirihluta hefur mestmegnis endurspeglad mismunandi mat á því hvort eða hversu miklar breytingar megi finna í málefna-samningi hans.

Í kosningunum var orðið breytingar notað meir en önnur. Í því ljósi er ekki óeðlilegt að menn leiti þeirra í nýjum meirihlutasáttmála.

Veruleikinn er hins vegar sá að enginn flokkur boðaði grundvallarstefnubreytingar í málefnum borgarinnar.

Kosningarnar snerust því í raun og veru meir um ný andlit en nýja stefnu. Í þessu sambandi mega



menn ekki gleyma að verkefni sveitarstjórna eru að mestu lög-bundin.

Miðjubandalag

Hóflegar málefnalegar breytingar eru þannig í fullu samræmi við stefnuskrár flokkanna. Pólitísk samsetning nýja meirihlutans vitnar aftur á móti um miklar breytingar.

Nú eru það flokkarnir næst miðjunni, sem mynda meirihluta. Flokkarnir á jöðrunum til hægri og vinstri sitja eftir í minnihluta. Þetta hefur ekki gerst áður í Reykjavík og aldrei á Alþingi.

Ríkisstjórnin er andstæðan við þetta mynstur. Þar eru það flokkarnir á jöðrunum, sem raunverulega ráða för. Framsókn hefur tiltölulega lítil málefnaleg áhrif við ríkisstjórnarborðið.

Hér er því komið nýtt tækifæri fyrir flokkana næst miðjunni. Reynslan ein mun svara því hvernig það tækifæri verður nýtt.

Helsti óvissuþátturinn lýtur að því hvort stóraukið fylgi Framsóknar á höfuðborgarsvæðinu öllu og væntanleg forysta fyrir meirihluta í Reykjavík muni einnig leiða til frjálslyndari viðhorfa í landsmálum.

Íhaldselementin

Reynslan frá Alþingi sýnir að samstarf jaðranna í hartnær fimm ár hefur leitt til þess að mikilvægustu ákvarðanir eru settar í biðflokk af því að samstarf þeirra byggist á gagnkvæmu neitunarvaldi.

Samstarfið hefur leitt í ljós að íhaldselementin í Sjálfstæðis-flokknum eru orðin sterkari en



Samstarfið hefur leitt í ljós að íhaldselementin í Sjálfstæðis-flokknum eru orðin sterkari en þau frjálslyndu. Eins er þetta í VG. Þar eru íhaldselementin orðin sterkari en þau róttæku.

þau frjálslyndu. Eins er þetta í VG. Þar eru íhaldselementin orðin sterkari en þau róttæku.

Þetta merkir að Sjálfstæðis-flokkurinn telur sig eiga ríkari málefnalega samleið með VG en frjálslyndum flokki eins og Viðreisn. Að sama skapi telur VG sig eiga meira sameiginlegt með Sjálfstæðisflokknum en sósíaldemókrötum í Samfylkingu.

Margt bendir því til að í fyrir-sjáanlegri framtíð muni þessir tveir flokkar ýmist vera saman í meirihluta eða minnihluta eins og nú er á Alþingi og í borgarstjórn.

Jaðarflokkarnir taka skellino

Þetta veltur þó talsvert á Framsókn. Þar eru líka sterk íhaldselement. Áhrifavald þeirra getur ráðið miklu um það hvort kaflaskilin takmarkast við þetta

kjörtímabil í Reykjavík eða hvort þau leiða til breytinga á Alþingi eftir næstu þingkosningar.

Í þessu ljósi er ástæða til að skoða tvö atriði:

Annars vegar bendir margt til að jaðarflokkarnir í stjórnsamstarfinu hafi tekið skellino vegna óánægju með biðflokks-pólitíkina. Framsókn hefur notið þess að vera ekki gerandi við ríkisstjórnarborðið. Hugsanlega er unnt að teygja þá stöðu fram yfir næstu þingkosningar.

Hins vegar er athyglisvert að Framsókn nýtir þessarar sérstöðu í stjórnsamstarfinu, á sama tíma og skoðanakannanir sýna vaxandi stuðning við fulla aðild að Evrópusambandinu og þótt nýja fylgið komi að hluta frá þeim flokkum, sem hafa stutt þá stefnu. Þrettán ár eru síðan Framsókn gekk til kosninga með fulla aðild á stefnuskrá.

Líkurnar á kaflaskilum á Alþingi

Vitaskuld er ekki unnt að lesa neitt út úr kosningunum um afstöðu fólks til fullrar Evrópusambandsaðildar, enda var hún ekki á dagskrá þeirra.

Hitt er ljóst, að fátt bendir til þess að íhaldselementin í Framsókn hafi skapað þennan mikla kosningasigur.

Spurningin um kaflaskil í víðara samhengi en því sem nær til borgarstjórnastólsins, ræðst þar af leiðandi mest af því hvort frjálslynda miðjuelementið í Framsókn lætur meira að sér kveða á næstunni. Án þess er erfitt að sjá samsvarandi kaflaskil í landsmálunum. ■

Ökum varlega, hér vinna mömmur, pabbar, afar og ömmur!



Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar

Vegagerðin hefur ýtt úr vör vitundaráttaki um öryggi starfsfólks við vegavinnu, undir yfirskriftinni Aktu varlega! – mamma og pabbi vinna hér. Í því sambandi hafa verið hönnuð eftirtektafarið skilti, sem munu vafalaust vekja athygli vegfarenda í sumar.

Ástæðan fyrir því að farið er í þetta átak núna er sú aukna hættu sem starfsfólki stafar af hraðakstri í gegnum vinnusvæði. Þrátt fyrir að öll framkvæmdasvæði séu vel merkt, með meðal annars hraðalækkandi skiltum og gátskjöldum, brennur við að ökumenn virði ekki hraðatakmarkanir og aki allt of hratt miðað við aðstæður. Það eykur mjög hættu á slysum á fólki og oft hefur hurð skolið nærri hælum.

Sumarið er gengið í garð með tilheyrandi framkvæmdum um allt land, bæði í þéttbýli og á þjóðvegum. Því þykir okkur hjá Vegagerðinni mikilvægt að minna á að það skiptir máli að fara varlega í kringum fólk sem vinnur á vegum úti. Þarna eru að verki mömmur og pabbar, frændur og frænkur, afar og ömmur, eða í stuttu máli ástvinir einhverra, og vinnudagurinn er unninn við erfiðar aðstæður í umferðinni. Við viljum með þessum áberandi skiltum auka náðina



og skilninginn á því að tillitssemi okkar varðar þetta fólk miklu og að um líf og dauða getur verið að ræða ef ekki er ekið varlega í gegnum vinnusvæði.

Vegagerðin leggur mikla áherslu á öryggi bæði vegfarenda og starfsfólks og stöðugt er unnið að endurbótum. Sem dæmi hefur tækjakostur verið aukinn verulega og varnarbifreiðar með árekstrarvörn hafa sannað gildi sitt á fjölförnum vegum. Öryggisbúnaður starfsfólks hefur verið bættur, öryggisstefna er í sífelldri endurskoðun, áhættumat hefur verið unnið fyrir ýmsa starfsemi og haldið verður áfram á þeirri braut.

Okkur er umhugað að stuðla að góðri öryggismenningu meðal okkar starfsfólks og því hefur verið unnið að því í vetur að fræða fólk um hvað einkennir góða öryggis-



Sumarið er gengið í garð með tilheyrandi framkvæmdum um allt land, bæði í þéttbýli og á þjóðvegum. Því þykir okkur hjá Vegagerðinni mikilvægt að minna á að það skiptir máli að fara varlega í kringum fólk sem vinnur á vegum úti.

menningu og hvernig við náum að komast á þann stað að vera framúrskarandi í öryggismálum.

En það eru ekki aðeins við ein sem getum gætt að öryggi okkar starfsfólks, og verktaka okkar. Þar þarf samhent átak og viðhorfsbreytingu meðal allra vegfarenda og við vonumst til að þetta vitundaráttak verði skref í rétta átt.

Til að kynna vitundaátakið hélt Vegagerðin morgunverðarfund þann 7. júní síðastliðinn. Þar skrifuðu Vegagerðin og samstarfsaðilar undir viljayfirlýsingu, en með Vegagerðinni í þessu átaki eru ríkislög-reglustjóri, Samgöngustofa og verktakafyrirtækin Colas Ísland, Ístak og Borgarverk.

Átakið Aktu varlega! – mamma og pabbi vinna hér stendur yfir í sumar frá 7. júní til 15. september. Ökum varlega – komum heil heim! ■



Bæjarstjórn Akraness auglýsir hér með tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan felur í sér endurskoðun á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og er sett fram á uppdrætti, í greinargerðum og í vefsíðu.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Akraneskaupstaðar, Dalbraut 4, hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík, og í vefsíðu á vefsíðu Akraneskaupstaðar www.akranes.is frá og með 20. júní 2022 til og með 5. ágúst 2022.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 5. ágúst 2022. Athugasemdir skulu vera skriflegar og undirritaðar með nafni, kennitölu og heimilisfangi. Þeim skal skila á bæjarskrifstofu Akraness, Dalbraut 4, 300 Akranesi, eða á netfangið skipulag@akranes.is, merktum Aðalskipulag 2033. Bent er á að athugasemdir við aðalskipulag eru opinber gögn.

Sviðsstjóri skipulags og umhverfissviðs



30% afsláttur af racerum
20% afsláttur af hybrid hjólum

Evrópuverð



HEAD X-Rubi Cross 28"
Verð áður: 97.995,-
Verð nú: 78.396,-

Vökva-diskabremsur
30 girar

*Gildir til 5.júní



Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is

Rekstrarafkoma í sjávarútvegi: Hverjar eru staðreyndirnar?



Magnús Örn Gunnarsson
framkvæmdastjóri
Rannsóknarmið-
stöðvar um samfélags-
og efnahagsmál

Þeir sem þekkja til alþjóðlegs atvinnulífs eru samdóma um að sjávarútvegurinn sé fremsti atvinnuvegur þjóðarinnar og raunar sá eini sem skapar framúr sömu atvinnuvegum annarra þjóða. Getur verið að það sé vegna þessa góða árangurs sem sjávarútvegurinn hefur orðið að pólitísku bitbeini og hefur þurft að þola meiri rangfærslur og illmælgir en aðrir atvinnuvegir hér á landi? Gægjast hér enn fram hinir leiðu kvillar; öfund og afbrýði?

Viðtöl við Indriða Þorláksson og Þórólf Matthíasson

Fyrir nokkrum dögum birtust tvö viðtöl í þessum miður smekklega tón í Fréttablaðinu. Þessi viðtöl voru annars vegar við Indriða Þorláksson fyrrverandi skattstjóra (3. júní sl.) og hins vegar Þórólf Matthíasson prófessor (4. júní sl.), en þessir tveir herramenn hafa gjarnan verið samstíga í rangfærslum um sjávarútveg og kröfum um um að sá atvinnuvegur verði skattlagður umfram aðra. Í þessum viðtölum fylgir hver rangfærslan og rökleysan í kjölfar annarrar og ekki tók á því í stuttri grein að taka á því öllu saman. Vonandi gefst tækifæri til þess síðar. Hér verður einungis fjallað um eina helstu forsenduna í málflutningi þeirra, þá að rekstrarhagnaður í sjávarútvegi sé meiri en gengur og gerist í öðrum greinum íslensks atvinnulífs.

Hagnaður í sjávarútvegi miðað við hagnað í heildsölu og smásölu

Hagstofa Íslands tekur saman og samræmir gögn um rekstur og efnahag fyrirtækja og flokkar í atvinnuvegi eftir svokölluðu ÍSAT-kerfi. Sú flokkun er ekki í ýkja góðu samræmi við það sem flestir landsmenn myndu kalla meginatvinnuvegi

þjóðarinnar. Þó eru þar tekin saman gögn um sjávarútveg og verslunargreinarnar smásölu og heildsölu.

Í þessum yfirlitum Hagstofunnar kemur í ljós að á tímabilinu 2015-2020 var hagnaður fyrir skatt (EBT) í heildsölu heldur hærri en í fiskveiðum og hagnaður í smásölu er svipaður og í fiskveiðum. Þá er samanlagður hagnaður fyrir skatt í heildsölu og smásölu svipaður og í sjávarútvegi í heild. Á árinu 2020, en til þess er vísað sérstaklega í ofangreindum viðtölum, var samanlagður hagnaður fyrir skatt í heildsölu og smásölu samkvæmt yfirlitum Hagstofunnar um 52 mia. kr. en um 40 mia. kr. í sjávarútvegi í heild.

Sé á annað borð ástæða til að fjargviðrast yfir hagnaði í sjávarútvegi eins og þeir Indriði og Þórólfur gera, virðist því miklu meiri ástæða fyrir þá til að gera það vegna hagnaðar í heildsölu og smásölu.

Minni arðsemi eigin fjár í sjávarútvegi en heildsölu og smásölu

Frá hagfræðilegu sjónarmiði skiptir arðsemi þess fjár sem bundið er í atvinnuvegum jafnvel meira máli en heildarhagnaður. Margir slíkir arðsemismælikvarðar eru til. Einn sá notadrygsti er arðsemi eigin fjár,



Sé á annað borð ástæða til að fjargviðrast yfir hagnaði í sjávarútvegi eins og þeir Indriði og Þórólfur gera virðist því miklu meiri ástæða fyrir þá til að gera það vegna hagnaðar í heildsölu og smásölu.

þ.e. sá arður sem eigendur hafa af því fé sem þeir binda í viðkomandi fyrirtækjarekstri. Í ljós kemur í fyrrgreindum yfirlitum Hagstofunnar að arðsemi eigin fjár í sjávarútvegi er talsvert minni að jafnaði á tímabilinu 2015-20 heldur en í bæði smásölu og heildsölu. Það þýðir einfaldlega að vænlegra er fyrir fjárfesta að festa fé sitt í heildsölu og/eða smásölu heldur en í sjávarútvegi.

Meiri rekstraráhætta í sjávarútvegi

Gögn Hagstofunnar sýna jafnframt að á tímabilinu 2015-20 var mun meiri breytileiki í rekstrarafkomu sjávarútvegs en í bæði heildsölu og smásölu sem og þessum greinum samanlagt. Breytileikastuðullinn fyrir hina ýmsu afkomumælikvarða var tvisvar til fjórum sinnum hærri í sjávarútvegi en í verslunargreinunum tveimur. Nærtækt er að túlka þetta svo að rekstraráhætta í sjávarútvegi sé að sama skapi meiri en í heildsölu og smásölu. Ætti það ekki að koma neinum á óvart. Kjarni málsins er hins vegar sá að meiri rekstraráhætta krefst hærri hagnaðar að jafnaði. Af þeirri ástæðu ætti hagnaður í sjávarútvegi við eðlilegar aðstæður í hagkerfinu að vera meiri en í heildsölu og smásölu. Það er hann hins vegar ekki eins og fram hefur komið.

Aðrir atvinnuvegir

Rekstrarafkoma í öðrum megingreinum efnahagslífsins eins og orkuframleiðslu og bankastarfsemi liggur ekki fyrir með jafnskýrum hætti í gögnum Hagstofunnar. Lauslegar athuganir á rekstrarreikningum þeirra benda til að rekstrarhagnaður þeirra sé síst minni og jafnvel meiri en í fiskveiðum og sjávarútvegi.

Lokaorð

Nú er auðvitað hverjum sem er heimilt að leggja til að sjávarútvegur sé skattlagður umfram aðra atvinnuvegi. Eigi hins vegar að taka slíkar hugmyndir um mismunum atvinnuvega alvarlega verður að styðja þær gildum rökum. Öfundgreint sýnir að þau rök geta ekki verið að hagnaður í sjávarútvegi sé áberandi meiri en í öðrum greinum. ■

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar / gestahús til sölu




- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástúll á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bátá



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Áhugavert reikningsdæmi



Guðjón Jenson
leiðsögumaður og
eldri borgari í
Mosfellsbæ

Á Íslandi hafa ýmsir stjórnmálamenn verið að velta vöngum yfir að virkja sem mest og flytja rafmagn í stórum stíl um neðansjávarkapal til Evrópu. En er þetta raunhæft?

Í dag er framleitt rafmagn sem hefur nægt okkur og að auki fimm sinnum meira sem fer í stóriðju. Miðað við rafmagnsframleiðsluna eins og hún er í dag þá myndi hún nægja kannski hálfri annarri milljón manna.

En það hafa komið fram stórtækari hugmyndir í þessa átt. Lítið hefur verið til vindorkunnar, sólarorkunnar og kjarnorka er töluvert notuð til framleiðslu rafmagns, einkum í Frakklandi og á Bretlandi. Þar sem framleitt er mörg hundruð sinnum meira en á Íslandi.

Kjarnorkan getur verið var-

hugaverð, einkum í heimi þar sem stjórnmálamenn sem eru ekki með öllum mjalla geta á svipstundu gjöreyðilagt land og gert það óbyggilegt um ófyrirsjáanlega framtíð. Því hefur verið hugað meir að sólarorkunni sem enn er fremur lítt notuð.

Suður í Þýskalandi tók ungar fræðimaður við Tækniháskólann í Braunschweig, Nadine May að nafni, saman fyrir 17 árum mjög áhugaverða rannsóknarskýrslu. Þar er leitað svara við þeirri áhugaverðu spurningu:

Hvað skyldi þurfa mikið land undir sólarorkuver til að sjá allri heimsbyggðinni fyrir raforku?

Hér er um að ræða diplómanámsritgerð eftir Nadine May sem nefnist:

Umhverfisjafnvægi sólarorku

Flutningur frá Norður-Afríku til Evrópu (Eco-balance of a Solar Electricity Transmission from North Africa to Europe) First Referee: Prof. Dr. Wolfgang Durner Second Referee: Prof. Dr. Otto Richter Braunschweig, 17th August 2005.

Höfundurinn hefur vakið mikla

athygli í heimalandi sínu og er frábært dæmi um hve ungt fólk hefur oft reynst hugmyndafrítt og komið með góðar hugmyndir.

Niðurstaða Nadine May er þessi:

1. Fyrir Þýskaland með eftirspurn 500 Twstundir á ári, þarf svæði 45 km x 45 km. Það er einungis um 0.03% alls landsvæðis í Norður-Afríku (BMU, 2004b).

2. Magn raforku sem ESB-25 ríkin þarfnast, mætti framleiða á 110 km x 110 km svæði.

3. Til að mæta öllum heildarraforkuþörfum heimsins þarf svæði 254 km x 254 km sem ætti að vera væri nóg.

Sjálfsgagt þykir flestum þessar vangaveltur vera skýjborgir en neyðin kennir naktri konu að spinna segir orðatiltækið. Engan óraði fyrir því um aldamótin 1900 að mannfólki myndi geta flogið sem fuglarnir, nú þykir ekkert sjálfsgaðara. Tæknilega ætti þetta gríðarstóra verkefni að vera vel framkvæmanlegt en líklega eru miklir örðugleikar við að koma á góðu stjórnfari í löndum Norður-Afríku sem er nægjanlega stöðugt, byggt á mannréttindum og lýðræði. ■

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum
Uppsetning á Norðurlandi og
höfuðborgarsvæðinu
Frí sending um allt land
Allar upplýsingar á heimasíðu okkar



VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT

Hægt að grafa skrift í bak og sæti
130 cm breiðir
ca 140 kg
3 litir

MIKIÐ ÚRVAL AF SALTLOMPUM

Fást einnig í:
Beta Líf - Kringlunni
Skipavík - Stykkishólmi
Klassík - Egilsstöðum
Martölvan - Höfn

s: 466 2800 / 899 9370
sala@minnismerki.is
steinsmidjaakureyrar.is



Erum ekki að fara bara til að taka þátt

24
DAGAR Í
fyrsta leik
Íslands á EM

Markvörðurinn Sandra Sigurðardóttir er ein fjögurra leikmanna í hópi Íslands sem eru að fara á sitt fjórða Evrópumót í sumar, ásamt Sif Atladóttur og Söru Björk Gunnarsdóttur. Sandra sat á bekknum í fyrstu þrjú skiptin, en er vongóð um að fá að spila á stórmóti fyrir Íslands hönd.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Það er vissulega komin mikil eftirvænting þó að maður sé enn auðvitað líka með hugann við síðasta leikinn í Bestu deildinni fyrir landsleikina. Þetta varð strax áþreifanlegra þegar Steini kynnti hópinn og við fengum að vita hvernig þetta myndi líta út,“ segir Sandra Sigurðardóttir, markvörður íslenska kvennalandsliðsins, aðspurð út í Evrópumótið fram undan.

Sandra er hluti af 23 manna hópi Íslands sem var kynntur á dögunum, en hún er ein þriggja leikmanna sem eru að fara á sitt fjórða stórmót. Í ár eru sautján ár liðin síðan Sandra lék fyrsta leik sinn fyrir íslenska landsliðið og hefur hún þurft að bíða eftir stöðu aðalmarkvarðar. Sandra hefur fyrir vikið ekki enn komið við sögu á stórmóti en er staðráðin í að breyta því í sumar.

„Aðdragandinn er vissulega öðruvísi því ég fer inn í þetta mót í öðru nýju hlutverki. Ég fer ekkert leynt með það að markmið mitt og áætlun er að spila alla leikina á þessu móti. Ég veit af samkeppninni en ég ætla um leið að sýna mig og sanna því ég veit að ég get staðið vaktina vel,“ segir Sandra, aðspurð hvort að það sé eftirvænting hjá henni yfir að fyrsti leikurinn á stórmóti sé í sjónmáli. Hún heldur áfram: „Ég vissi í aðdraganda fyrstu tveggja mótanna að ég yrði vara- maður. Mér fannst ég eiga möguleika á sætinu fyrir síðasta EM, en þetta snýst auðvitað líka um hvað þjálfarinn kys að gera.“

Sandra, sem er leikjahæsti leikmaður efstu deildar kvenna frá



”

Ég fer ekkert leynt með það að markmið mitt og áætlun er að spila alla leiki Íslands á þessu móti.

Sandra Sigurðardóttir

upphafi, tekur undir að það væri rós í hnappagatið að hafa spilað á stórmóti þegar hanskarnir rata upp í hilluna einn daginn.

„Það yrði stór áfangi á ferlinum. Þetta er eitthvað sem mig hefur dreymt um, að koma fram fyrir hönd Íslands á stórmóti. Þegar ég legg hanskana á hilluna, hvenær sem það verður, verð ég auðvitað stolt af ferlinum, en þetta yrði skemmtileg viðbót.“

Mótið er með stærra sniði heldur en áður og segist Sandra finna mun. „Þetta er öðruvísi. Umfangið er

annað, stærðin á mótinu er meiri, aukin athygli, sem er til hins betra. Það hefur margt breyst.“

Markvörðurinn tók í sama streng og þjálfari liðsins þegar hún var spurð út í markmið hópsins.

„Eins og Þorsteinn kom inn á á blaðamannafundinum þegar hópurinn var kynntur, erum við ekki búin að velta okkur upp úr þessu í síðustu verkefnum. Við eigum eftir að fara yfir markmiðin okkar en það er ekkert launungarmál að við erum ekki að fara bara til að vera með. Franska liðið er mjög hátt skrifað og verður verðugt verkefni, en það er allt hægt í fótbolta. Með trú og baráttu að vopni eru okkur allir vegir færir,“ segir Sandra, aðspurð um mótherja Íslands.

Sandra fór fögrum orðum um yngri leikmenn liðsins, þegar umræðan barst að leikmönnum sem voru nokkrar á leikskólaaldri þegar hún lék fyrsta leik sinn fyrir Íslands hönd. Af 23 leikmönnum liðsins eru ellefu að fara á sitt fyrsta stórmót.

„Maður fylgist með þeim af mik-

»

Íslenska kvennalandsliðið kemur saman til æfinga á mánudaginn þar sem undirbúningurinn fyrir EM hefst.

Sandra hefur byrjað fjórtán af síðustu sextán keppnisleikjum Íslands, þar á meðal alla leiki í undankeppni EM.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

illi aðdáun. Þær eru búnar að sýna og sanna hvað býr í þeim og þær eiga enn nóg inni. Þær eru allar með frábært hugarfar, metnaðargjarnar, baráttuglaðar og mikil gæði. Það eru svo mikil gæði í yngri kynslóðunum sem eru að koma upp núna enda þjálfunin og aðstæðan allt önnur en ég kynntist,“ segir Sandra glettin og heldur áfram:

„Ég byrjaði minn knattspyrnuferil á malarvelli, eitthvað sem margar af yngri leikmönnum hafa sennilega aldrei kynnt,“ segir hún létt að lokum. ■

Vonast til að KSÍ nýti tækifærið og sendi sterk skilaboð

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslandsdeild mannréttindasamtaka Amnesty International vonast til þess að Knattspyrnusamband Íslands noti tækifærið rækilega til að koma réttu skilaboðunum áleiðis, þegar það heimsækir Sameinuðu arabísku furstadæmin í nóvember, þar sem karlalandslið Íslands á að mæta Sádi-Arabíu í vináttuleik. Þetta segir Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi.

KSÍ hefur þurft að þola töluverða gagnrýni fyrir að samþykka að leika vináttulandsleik við Sada, vegna stöðu mannréttinda í landinu. Réttindi kvenna, hinsegin fólks og fjölda minnihlutahópa hafa lengi verið fótum troðin í Sádi-Arabíu.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, hefur áður svarað gagnrýninni með þeim hætti að sambandið geti nýtt vináttulandsleikinn við Sada til að senda sterk skilaboð. Sambandið sé til að mynda með konur í

”

Sumar breytingar gerast því miður mjög hægt.

Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi.

lykilstöðum og að Vanda geti haldið ræður með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif.

Íslandsdeild Amnesty tekur ekki afstöðu til ákvörðunar KSÍ um að spila leikinn. Vonast samtökin heldur til að KSÍ nýti þennan vettvang til að hafa áhrif.

„Amnesty vonar auðvitað að KSÍ noti tækifærið rækilega til þess að koma skilaboðum áleiðis og forðæma þau mannréttindabrot sem eru framin í Sádi-Arabíu,“ segir

Anna. Þá segir hún að almenningur og keppendur eigi að fá að njóta tjáningarfrelsis og segja skóðanir sínar án þess að þurfa að hræðast afleiðingarnar af því.

Anna gerir sér grein fyrir því að aðgerðir KSÍ í furstadæmunum í nóvember muni ekki valda straumhvörfum í landinu, en trúir þó að þær geti fengið einhverja til að sjá ný sjónarmið.

„Sumar breytingar gerast því miður mjög hægt,“ segir hún.

Að sögn framkvæmdastjórans tekur Amnesty almennt ekki afstöðu til íþróttaleikja á milli ákveðinna þjóða.

„Amnesty notar slíkar keppnir eða tímasetningar þeirra frekar til að benda á þau brot sem eiga sér stað í því ríki sem hýsir keppnina. Það gerum við nú varðandi HM í Katar og gerðum þegar vetrarólympíuleikarnir voru haldnir í Peking og einnig þegar Eurovision var haldið í Ísrael og Aserbaidsjan, svo ég nefni einhver dæmi,“ segir Anna. ■



Íslenska karlalandsliðið mætir Sádi-Arabíu í nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 16. júní 2022



Joaquin Phoenix snýr aftur sem Jókerrinn í Joker: Folie à Deux.

FRÉTTABLAÐIÐ/SKJÁSKOT

Söngleikur um Jókerrinn á leiðinni

oddurfreyr@frettabladid.is

Leikstjórinn Todd Phillips staðfesti fyrir skömmu að það sé að koma framhald af myndinni Joker frá 2019 og sögusagnir herma það verði söngleikur þar sem Lady Gaga leikur Harley Quinn.

Phillips, sem leikstýrði og var meðhöfundur fyrstu myndarinnar, gaf upp titil nýju myndarinnar, Joker: Folie à Deux. Undirtitillinn er vísun í geðrænt vandamál sem hrjár tvo eða fleiri á sama tíma og kann að vera vísun í samband Jókerrans við Harley Quinn.

Fyrri myndin fjallaði um einmana trúðinn Arthur Fleck og umbreytingu hans í óþokkann fræga. Myndin sló rækilega í gegn og fékk 11 Óskarstilnefningar, en Joaquin Phoenix vann verðlaun sem besti leikarinn og Hildur Guðnadóttir vann verðlaun fyrir bestu tónlistina.

Lady Gaga sem Harley Quinn

Samkvæmt The Hollywood Reporter er verið að reyna að fá Lady Gaga til að leika á móti Phoenix, en ekki vitað hvaða persónu hún á að leika. Talið er að það sé Harley Quinn, geðlæknir Jókerrans, sem fellur fyrir honum og verður glæpafélagi hans.

Heimildarmenn miðilsins herma líka að nýja myndin verði söngleikur, sem hefur komið mörgum mjög á óvart. ■



Ragnhildur Jóhannsdóttir á orðið dagott safn af fallegum litríkum og mynstruðum kjólum frá breiðu tímabili.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lífið er hinn fullkomni strigi

Myndlistarkonan Ragnhildur Jóhannsdóttir veur ætíð athygli og kátínu hvert sem hún fer fyrir skemmtilegan fatastíl. Leyndarmálið segir hún fólgið í því að klæða sig daglega aðeins of fínt og bíða ekki eftir tilefninu, heldur að nýta tækifærið dag hvern. **2**





Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Ragnhildur segist lengi hafa haft gaman af því að klæða sig upp og þarf ekki tilefni til þess. „Til dæmis núna, á þriðjudagsmorgni í vinnunni, þá er ég í sama kjól og þeim sem ég klæddist í afmælisveislu um daginn. Ég er yfirleitt aðeins finni en ég þarf að vera, og ef einhver býður mér í kokteil eftir vinnu, þá ég reiðubúin. Ég myndi eiginlega lýsa mínum fatastíl þannig, ef ég má sletta smá, að ég sé „always a little overdressed“,“ segir Ragnhildur. „En vegna þess, þá setur fólk oft athugasemd við klæðnað minn, og ég fæ mikið af: „Þú ert alltaf svo fin!“ Mér finnst það bara skemmtilegt.

Ég veit alveg að ég er finni en ég þarf að vera, en ég er bara þannig, það er partur af því sem ég er. Litlar stelpur líta líka oft upp til mín, það finnst mér gaman. Hver ákveður líka hversu fin ég má vera á hverjum degi fyrir sig? Það gengur vinsæll póstur um Instagram núna þar sem fólk talar um að fötin sem það deyi í muni verða eilífðar draugabúningur þess. Þú verður bókstaflega í þessum fötum það sem eftir er. Af hverju ekki að vera fin?“ segir Ragnhildur og hlær.

Skapandi að klæða sig

Ragnhildi þykir það þínu myndi að blaðamaður Fréttablaðsins sé að taka viðtal við sig um tísku. „Ég fylgi ekki tískunni, heldur fer mína eigin leið, þannig séð. Þess vegna þykir mér þetta svoltið myndi. Fyrir mér er það skapandi verknaður að klæða sig. Ég hugsa mikið í litum og þykir gaman að tefla saman ólíkum litum í klæðnaðinum. Það þarf að vera samspil á milli naglalakks, varalitar og mynsturs í kjól. Ég slepp með að klæðast nánast hvaða lit sem er, nema lillafjólubláum. Mér finnst hann mjög fallegur, en hann gengur ekki fyrir mig. Það er einhver bleikur tónn í húð minni sem passar ekki við lillafjólubláan. Annars sækir ég mikið í sterka liti og er minna í pastellitum.

Ég var með eldrautt lítað hár í um ellefu ár, og það er þannig sem margir muna eftir mér. En ég var orðin þreytt á að líta það. Núna er ég með ljóst hár sem er næst mínum náttúrulega háralit. Áður en ég fór í ljósa litinn lítaði ég hárið svart á tímabili. Það var skemmtilegt um sinn. Þegar ég var með rauða hárið fann ég að ég gat ekki farið í ákveðna tóna af bleikum. Það bara passaði ekki, en núna þegar ég er með ljósa hárið þá gengur það mun betur upp. Núna er ég að biða eftir að hárið verði almennilega hvítt eða grátt. Það er fullkominn strigi sem gefur mér tækifæri til að leika mér með hvaða liti sem er í fatnaði.“

Tvískiptur fataskápur á hreyfingu

Ragnhildur laðast að kjólum og pilsum frá ólíkum tímabilum. „Ég versla mest í búðum með notuð föt og er 80% af fataskápnunum mínum „vintage“ eða „second hand“ fatnaður. Ég á kjóla sem eru frá sjöunda áratugnum, en líka þeim áttunda, níunda og svo tíunda. „Eighties“ tiskan höfðar kannski minnst til mín af þessum áratugum, en sextís og seventís kjólana kann ég vel að meta. Núna er ég mjög hrifin af kjólum frá tíunda áratugnum, það er 1990 og upp úr, sérstaklega þegar þeir vitna í sextís kjólana, með útvíðum pilsum og belti eða bandi í mittið.

Ég sækir mjög mikið í litríka og mynstraða kjóla og er alltaf í annaðhvort pilsí eða kjól. Hins vegar geng ég ekki í buxum. Mér finnst þær finar á öðrum konum, en mér finnst þær bara ekki

þægilegur fatnaður. Þær fara oft óþægilega inn í mittið, eru þröngar og oft úr óþægilegum efnum. Fyrir um tuttugu árum síðan gekk ég alveg í buxum, en í dag líður mér einfaldlega best í kjól. Og ég á sko sumarkjóla og vetrarkjóla. Já, vina mín, það eru til vetrarkjólar sem henta fyrir kaldara veður. Þetta er alveg tvískiptur fataskápur.“

En hefurðu einhverja tölu á því hversu marga kjóla þú átt? „Mig grunaði að þú myndir spyrja að þessu. Fataskápurinn minn er mjög lifandi og það er mikil hreyfing á honum. Eins og er á ég örugglega um 50 kjóla sem ég nota. En svo á ég fleiri kjóla líka. Ég leigi reglulega bás í Verzlanahöllinni og sel flíkurnar sem ég er hætt að nota, og stuttu síðar er ég búin að kaupa nýjar í staðinn fyrir þá sem ég seldi.

Það sem ég hef tekið eftir með aldrinum er að ég er orðin mun viðkvæmari fyrir gerviefnum en ég var. Margir af gömu „vintage“ kjólunum, þó svo þeir séu í fallegum litum og mynstrum sem ég sogast að, eru úr gerviefnum. Því þarf ég að velja betur þegar kemur að efnum.“

Gott mótvægi við túristatískunni

Ragnhildur Jóhanns situr vaktina í versluninni Hjarta Reykjavíkur á Laugavegi, sem hún rekur ásamt manninum sínum, Jóhanni Ludwig Torfasyni. „Núna þegar túrisminn er kominn aftur í gang er aftur mjög mikið um ferðamenn og alltaf nóg að gera hjá okkur. Ég er alltaf fin í tauinu í búðinni, eins og mér einni er lagið og fæ mikið af hrósi, sérstaklega frá ferðamönnum. Það er náttúrulega frekar myndi að bera saman minn klæðnað og þeirra, þar sem ferðamenn á Íslandi klæðast langflestir hátækni útivistarfatnaði og fjallgönguskóm, jafnvel í miðbæ Reykjavíkur, eins og þeir séu ávallt reiðubúin að klífa fjall. Það kvarta sumir yfir því að ferðamenn klæði sig ekki upp, til dæmis þegar þeir fara fínt út að borða, en mér finnst þetta bara aðallega myndi. Margir eru líka með risabakpoka, bara að labba Laugavegin, jafnvel þó hvort með sinn bakpokann. Ég hugsa oft með mér hvað sé í þessum bakpokum og hvernig sá búnaður nýtist á verslunargötu í miðbæ Reykjavíkur,“ segir Ragnhildur.

Lífið og listin

Ragnhildur Jóhanns er þekktur myndlistarmaður og má segja að einn rauður þráður í verkum hennar sé kvenleiki og kynjahlutverk. Föngulegir sokkabuxna-klæddir leggir eru áberandi myndmál í klippiverkum hennar sem finna má á Instagram-síðu hennar: Ragnhildur Jóhanns. Bækurnar úr Rauðu seríunni má einnig sjá í mörgum verka hennar sem og draumaráðningar og efni úr gömlum bókum sem kenna konum að leika kynhlutverk sitt. „Það er alveg klárlega tenging þarna á milli,“ segir Ragnhildur um listina og svo kjólana. „Lífið og listin samtvinnast þarna hjá mér.

Vissulega eru kjólar kvenlegir, en það geta allir klæðst kjólum. Karlar geta klæðst kjólum og pilsum þó svo að samfélagið flokki þessar flíkur enn þá sem kvenlega tísku, ásamt nælon-sokkum. Upp úr 1960 brutust konur gegn ríkjandi hefðum með því að klæðast buxum, en í dag finnst mér það líka feminísmi að geta sem kona, leyft mér að taka hið kvenlega í mér opnum örmum og fagna því. Ég þarf ekki að vera í buxum í dag til þess að vera feminísmi.“ ■



Ragnhildur Jóhanns myndlistarkona er kjóladrottningin í Hjarta Reykjavíkur.



Að hennar mati er það skapandi verk að klæða sig á morgnana. Tefla saman áferð og litum, mynstruðum kjólum, naglalakki og varalit.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Ný sending frá Ítalíu

NeroGiardini
MADE IN ITALY



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Best klæddu stjórnurnar á Tony-verðlaununum

Glamúrinn réð ríkjum á Tony-verðlaunahátíðinni sem fór fram um síðustu helgi. Þar voru bestu leikrit og söngleikir síðasta árs á Broadway verðlaunaðir og það bættist við nýr EGOT-verðlaunahafi.

oddufrayr@frettabladid.is

Tony-verðlaunin voru haldin í 75. sinn síðasta sunnudag í Radio City Music Hall í New York og þar voru bestu Broadway-sýningar síðasta árs verðlaunaðar.

Sigursælustu sýningarnar voru leikritið The Lehman Trilogy, sem vann fimm verðlaun, meðal annars sem besta leikritið, og endurflutningurinn á söngleik Stephen Sondheim, Company, sem vann

einnig fimm verðlaun, meðal annars fyrir besta endurflutninginn.

Söngleikurinn A Strange Loop, sem hefur einnig unnið Pulitzer-verðlaun, vann verðlaun sem besti söngleikurinn. Hann fékk 11 tilnefningar, sem voru flestar þetta árið, en vann bara til tvennra verðlauna.

Jennifer Hudson vann verðlaun sem aðalframleiðandi A Strange Loop og varð þar með 17. einstaklingurinn í sögunni sem hefur unnið Emmy-, Grammy-, Óskars- og Tony-verðlaun.

Að sjálfsögðu mættu allar stjórnurnar á rauða dregilinn í finustu kjólum og jakkafötum sem völ er á og miðillinn People tók saman lista yfir best klæddu stjórnurnar. Hér eru nokkur þeirra sem komust á listann. ■



Jessica Chastain var í bleikum Gucci satínkjól og með dökkrauðan varalit.



Andrew Garfield mætti í flauelsjakkafötum frá Tom Ford.



Hugh Jackman og Sutton Foster voru glæsileg, hann var í klassískum smóking og hún var í grænum Dolce & Gabbana kjól með skartgripi frá Tiffany & Co.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

SUMARKJÓLAR

FRÁ
GERRY WEBER
TAIFUN



SKODIÐ
LAXDAL.IS

Fylgið okkur á FB

Laxdal er í leiðinni



Skipholtí 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Nýi EGOT-verðlaunahafinn Jennifer Hudson var í hlýralausum og fallega skreyttum kjól frá Pamela Roland.



Billy Porter var í silfurlituðum jakkafötum frá Dolce & Gabbana, rúllukragabol og með silfurlitaða fléttu.




Ariana DeBose þótti sérlega glæsileg í þessum sérsaumuða kjól frá Boss og með skartgripi frá Or & Elle.



Sarah Paulson vakti athygli í þessum sérstaka Moschino kjól með dökkrauðan varalit og hárið sleikt aftur.



Zach Braff kom með skemmtilegan snúning á klassískan fatnað í þessum brúna smóking úr flaueli.



Ungstirnið Gaten Matarazzo var fluttur í ljósbrúnum og svörtum jakkafötum og svartri skyrtu.

Sundlaugar og jarðböð

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 16. júní 2022

Kynningar: Jarðböðin við Mývatn, Skógarböðin, Björböðin, Vök Baths, Fontana



Hér má sjá tölvuteiknaða mynd af nýjum og glæsilegum Jarðböðum sem verða opnuð árið 2024 í Mývatnssveit.

Sannkölluð paradís í Mývatnssveit

Enn frekari uppbygging á sér stað við Jarðböðin við Mývatn, sem hafa slegið í gegn frá því að þau voru opnuð árið 2004. Blái liturinn, mýkt vatnsins og staðsetningin er helsta aðráttarafl þeirra. **2**

Jarðböðin við Mývatn hafa heldur betur slegið í gegn frá því þau voru opnuð árið 2004 og hefur aðsóknin verið mjög góð, bæði af Íslendingum og erlendum ferðamönnum, segir Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna.

„Frá því að Jarðböðin opnuðu hér í júní 2004 hafa viðtökurnar verið mjög góðar. Fyrstu árin voru ferðamenn ekkert í líkingu við það sem er í dag, en árin fyrir Covid heimsóttu um 200 þúsund gestir Jarðböðin árlega.

Við höfum stækkað í takti við fjölgun ferðamanna og staðurinn tekið þó nokkrum breytingum síðustu ár.“

Blái liturinn heillar

Hann segir helsta aðráttarafl Jarðbaðanna vera bláa litinn á lóninu, mýkt vatnsins og auðvitað staðsetninguna við Jarðbaðshólana með útsýni yfir Mývatnssveitina.

„Við erum annar tveggja staða sem býður upp á blátt lón og það er það sem ferðamenn vilja prófa þegar þeir heimsækja okkur.“

Viðbrögðin engu lík

Starfsfólk Jarðbaðanna fær reglulega skemmtileg viðbrögð frá viðskiptavinum segir Guðmundur, sérstaklega erlendum.

„Það er alltaf gaman að sjá ánægjusvipinn á gestum okkar þegar þeir stinga tánunum ofan í lónið, því þeir vita ekki alveg hverju þeir eiga að búast við þegar þeir ganga út í. Skemmtilegast er þó sennilega þegar norðurljósin sýna sig fyrir gestum, viðbrögðin eru engu lík.“

Bætt og betri aðstaða

Um þessar mundir standa yfir framkvæmdir við Jarðböðin. „Við erum að fara í talsvert mikla endurnýjun á allri aðstöðunni okkar með byggingu nýs þjónustuhúss, sem mun innihalda rýmri búningsklefa, bæði inni og úti, ásamt einkaklefum. Þá verður veitingaaðstaða þar sem boðið verður upp á létta rétti með hráefni héðan úr héraði.“

Barinn vinsæll

Öll aðstaða fyrir gesti verður á einni hæð með góðu aðgengi ofan í lón segir Guðmundur. „Við munum bjóða upp á fundarherbergi þar sem upplagt verður fyrir fyrirtæki að koma og halda vinnufundi í Jarðböðunum og þá verður hægt að leigja betri stofu fyrir til dæmis smærri matarhópa.

Í lok árs 2019 opnuðum við bar úti í lóninu sem hefur slegið í gegn, þannig að hann verður áfram á sínum stað og mun hljóta uppfærslu í takti við stækkunina.“

Upplifun fyrir gesti

Markmiðið er að búa til skemmtilegt ferðalag fyrir gesti, allt frá því að þeir stíga út úr bílnum og ganga að byggingunni, inn í gegnum búningsklefana, ofan í lónið, þar sem hægt er að fara hringferð og prófa mismunandi upplifanir á leiðinni, segir Guðmundur. „Útsýnið yfir Mývatnssveit frá lóninu er stórfenglegt og hvergi betra að slaka á og njóta.“

Hann lítur björtum augum til framtíðarinnar. „Ég sé Jarðböðin áfram sem mikilvægan segul í ferðapjónustu á Norðausturlandi. Við munum halda áfram okkar uppbyggingu með það að markmiði að auka ánægju okkar gesta og gera heimsókn þeirra eftirminnilega.

Þá trúir ég að með tilkomu millilandaflugs til Akureyrar og áframhaldandi markaðssetningu á Demantshringnum og fleiri áhuga-verðum stöðum á Norðurlandi, þá munum við fá jafnari straum ferðamanna yfir árið.“ ■

Nánar á jarðbodin.is.




Jarðböðin við Mývatn eru fullkominn slökunarstaður fyrir fólk á öllum aldri.




Guðmundur Þór Birgisson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna við Mývatn.

Útsýnið yfir Mývatnssveit frá lóninu er stórfenglegt og hvergi betra að slaka á og njóta.


Guðmundur Þór Birgisson



Umhverfið er stórfenglegt við Jarðböðin.



Útsýnið úr gufubaðinu svikur engan.



Blái liturinn á lóninu heillar augað.

Töfrar vatnsins taka á móti þér

Við höfum rannsakað krafta náttúrunnar í 30 ár,
lært að beisla töfra hennar og notið þess
að upplifa í sátt við umhverfi og móður náttúru.

Við tökum vel á móti þér.



30
ÁRA
BLUE LAGOON
ICELAND

Náttúruleg baðstofa í hjarta Gullna hringsins

Laugarvatn Fontana er heilsulind sem staðsett er við bakka Laugarvatns í einstaklega fallegu umhverfi. Staðurinn er með elstu baðstöðum landsins í núverandi mynd og fagnaði 10 ára afmæli síðasta sumar.

Það er engin tilviljun að heilsulindin Fontana sé staðsett einmitt við Laugarvatn, enda er baðsaga svæðisins rík og á rætur að rekja til jarðfræði vatnsins. Ekki skemmir náttúrufegurðin fyrir enda er Laugarvatn eitt fallegasta bæjarstaði landsins. Þeir eru ófáir Íslendingarnir sem bera sterkar taugar til gufunnar við Laugarvatn og sögu hennar. „Upp úr 1930 byrjuðu menn að nota hverinn þar sem Fontana er staðsett, um sama leyti og Héraðsskólinn var byggður. Í fyrstu var tjald sett yfir hverinn sem myndaði hið eiginlega náttúrulega gufubað. Síðar var byggð betri aðstaða og þannig skapaðist hefð fyrir gufunni sem hefur fylgt staðnum og hvernum til dagsins í dag,“ segir Guðmundur Fannar Vigfússon, sölu- og markaðsstjóri Fontana.

„Gufan er eins náttúruleg og hugsast getur. Í gufunni úr hvernum eru virk efni sem finnast ekki í venjulegum vatnsgufum en gestir sitja bókstaflega fyrir ofan heitan hverinn og njóta gufunnar beint úr hvernum. Okkur finnst þetta alveg einstakt og teljum að ekki séu margir staðir í heiminum þar sem fólk geti setið beint fyrir ofan heitan hver, heyrt hann bubbla og notið gufunnar frá honum,“ segir Fannar.

Listin að slaka á
Fontana samanstendur af gufunni



Laugarvatn Fontana er einstök heilsulind þar sem náttúrufegurð og náttúrulegur jarðvarmi veita gestum óviðjafnanlega kyrrð og slökun.

frægu, sánabaði, fjórum mismunandi heitum og misdjúpum laugum, sem ganga undir nöfnunum Lauga, Sæla, Viska og Bullunga, og svo Laugarvatni sjálfu. Það vekur athygli gesta að í lauginni Sælu er að finna listaverk eftir Erlu Þórarinsdóttur. „Í grynri hluta laugarinnar eru verk sem höfða til barna og leikja með rennsli vatns. Í dýpri enda laugarinnar er hins vegar höfðað til hvíldar. Verkin eru mótuð úr svörtu graníti og hafa börn mjög gaman af því að leika sér við verk Erlu í lauginni.

Laugarvatn er svo stór hluti af baðupplifuninni í Fontana. Hægt er að ganga frá laugunum út á bryggju og vaða þaðan út í frískandi vatnið. Heitar uppsprettur við ströndina gera það að verkum að yfirborðsvatnið getur verið hlýtt og notalegt við ströndina en kólnar þegar utar dregur.

Mikil þróun á baðmenningu landsins hefur átt sér stað undan-



Guðmundur Fannar Vigfússon er sölu- og markaðsstjóri Fontana.

farin ár og við hjá Fontana fylgjum þeirri þróun af metnaði. Á næstu misserum munum við vinna að stækkun og breytingum á heilsulindinni. Framkvæmdir eru ekki byrjaðar en það er stefnt að því að stækka og breyta í nánustu framtíð. Við mælum alla jafna með því



Gufan í Fontana er eins náttúruleg og hugsast getur. Gestir sitja bókstaflega fyrir ofan heitan hverinn og njóta gufunnar beint úr hvernum. MYNDIR/ÁSENDAR

að fólk bóki fyrir fram áður en það mætir til okkar í böðin, en það er ekki nauðsynlegt. Fólk getur líka mætt í Fontana án bókar og notið gufunnar og lauganna.“

Einstök baðupplifun

Laugarvatn er einn af áfangastöðum Gullna hringsins, vinsælustu dagleiðar ferðamanna, sem samanstendur af Þingvöllum, Geysi og Gullfossi. „Laugarvatn er í hjarta þessarar leiðar og er Fontana við Laugarvatn stórgóð viðbót við afþreyingu þeirra sem ferðast þessa leið. Það var í raun grunnurinn að tilkomu heilsulindarinnar, að hægja á ferðamanninum og gefa honum kost á að slaka á og njóta tilverunnar í fallegu umhverfi.

Okkar gestir upplifa einstaka nálægð við náttúruna og njóta einnig stórfenglegs útsýnis yfir vatnið. Auk þess er fjallasýnin mögnuð á góðviðrisdögum og í góðu skyggni. Hér er rólegt og fal-

legt umhverfi og njóta gestir okkar alls þess besta sem staðurinn hefur upp á bjóða. Gestir geta slakað einstaklega vel á í fallegu umhverfi. Það er einstök upplifun að sitja ofan á heitum hver og finna hitann og gufuna frá jörðinni. Ekki skemmir svo aðgengið að Laugarvatni fyrir, þar sem hægt er að kæla sig niður eftir heita gufuna og laugarnar.

Önnur einstök upplifun sem við bjóðum upp á hér í Fontana á Laugarvatni er hverabakað rúgbrauð. Hver hleifur er bakaður í 24 tíma alls og við förum tvisvar á dag að grafa upp nýbakað rúgbrauð og berum svo fram með smjöri og reyktum silungi. Fyrir erlenda gesti okkar er þetta einstök upplifun, að sjá hvernig við nýtum orku jarðar og jarðvarma til rúgbrauðsbaksturs.“ ■

Nánari upplýsingar má finna á www.fontana.is.

HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS

GARÐATORG 1
210 GARÐABÆR

SÝNINGAR

SUND

STENDUR TIL 23.10.

SAFNIÐ V RÖNGUNNI

TILTEKT

STENDUR TIL 30.12.

PALLURINN

HRUND ATLADÓTTIR
SÝNDARSUND

STENDUR TIL 23.10.

VINNUSTOFUDVÖL

BYGGINGAR HÖGNUM SIGURÐARDÓTTUR
ARKITEKTAMÓDEL

STENDUR TIL 31.08.

OPIÐ ÞRI—SUN 12—17
WWW.HONNUNARSAFN.IS

Instagram

Facebook

honnunarsafn

Eins og að ganga í annan heim

Skógarböðin við Eyjafjörð hafa loksins opnað dyrnar inn í sinn ævintýraheim. Þar er dekrað við gesti í hvítvetna, með heitum böðum og dýrindis veitingum í fagurri umgjörð sem á engan sinn líka.

„Skógarböðin eru dásamlegur staður, enda er tenging við ekta náttúru mikil. Bara uppstigið að húsinu er einstakt og margir hafa orð á því að það sé eins og að labba inn í annan heim að ganga hér upp að húsinu. Skógurinn veitir skjól fyrir veðri og vindum og fuglasöngurinn er mikill og fagur. Þetta er sannkölluð draumaveröld,“ segir Tinna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Skógarbaðanna.

Skógarböðin voru opnuð á vordögum og standa á töfrandi stað við rætur Vaðlaheiðar, gegnt Akureyri. Þaðan er stórkostlegt útsýni yfir Eyjafjörð og hægt að dekra við líkama og sál.

Tinna segir hafa komið sér á óvart hvað húsið og böðin eru miklu stærri en þau virka frá veginum séð.

„Ótrúlegt skjólið frá skóginum kom mér líka á óvart. Þá er andinn í húsinu einstaklega góður og það er eitthvað sérstaklega dásamlegt við þennan stað. Þrátt fyrir að Skógarböðin liggja ekki efst í heiðinni er engu að síður frábært útsýni úr böðunum og hér er alltaf logn.“

Uppáhaldsrými Tinna í Skógarböðunum er þurrsáan.

„Bara lyktin þar inni er mögnuð, útsýnið út um risastóran gluggann er einstakt og það er auðvelt að láta líða úr sér í því umhverfi.“

Dulúðugt umhverfi

Upplifun gesta Skógarbaðanna minnir á ævintýri. Gufa stígur upp af böðunum, sem í rennur heitt vatn úr Vaðlaheiðinni og umgjörðin samanstendur af ilmandi skógi, klettum og sjó.

„Það er svo magnað við náttúru- baðstaði okkar Íslendinga að þeir hafa allir sína sérstöðu. Skógarböðin eru þannig allt öðruvísi en hin jarðböðin og hér er miklu dulúðugra umhverfi en fólk á að venjast í öðrum böðum,“ greinir Tinna frá.

Viðtökurnar hafa verið frábærar og fjöldinn allur af innlendum og erlendum gestum hefur heimsótt Skógarböðin síðan þau opnuðu þann 22. maí.

„Þá höfum við tekið á móti ógrynni af hópum því landinn átti uppsafnaða skemmti- og afþreyingarþörf eftir Covid. Farþegar skemmtiferðaskipa sem leggja við bryggju á Akureyri eru einnig duglegir að koma við hjá okkur á ferðalagi sínu, þannig að hópurinn sem sækir böðin er fjölbreyttur og alls konar, og Skógarböðin eru jafnframt skemmtilegur vettvangur fyrir alla fjölskylduna,“ upplýsir Tinna.

Í búningasklefum Skógarbaðanna eru 204 skápar og við það takmarkast fjöldi gesta hverju sinni.

„Skógarböðin eru opin í fjórtán klukkutíma alla daga vikunnar, frá klukkan 10 á morgnana til 24 á miðnætti. Það er fátt dásamlegra en að enda daginn hér og njóta töfrandi kvöldbirtunnar og kyrrðarinnar,“ segir Tinna.

Matur, drykkur, böð og sána

Í Skógarböðunum eru tvær laugar; ein stór sem er 39°C heit og önnur minni sem er bæði dýpri og heitari, um 41°C.

„Hér er einnig finnsk þurrsána með óviðjafnanlegu útsýni, kaldur pottur, útisturta, og heit og köld sturta inni í forrými sáunnar.



Tinna Jóhannsdóttir er framkvæmdastjóri Skógarbaðanna. Hún segist stöðvandi draumaveröld þar sem Skógarböðin séu sérstaklega dásamlegur staður.



Hönnuðir Skógarbaðanna höfðu skóginn að sjálfsögðu í hávegum eins og sjá má á furutrú innanhúss.



Á veitingastaðnum Skógar Bistró er gott að gæða sér á léttum réttum og ljúfum drykkjum, bæði inni og úti.

Þrátt fyrir að hér séu annasamir tímar upplifir fólk aldrei troðning eða þrengsli, hvorki í búninga- aðstöðu né í böðunum sjálfum.

Í Skógarböðunum eru líka tveir sundlaugarbarir hvor í sínum enda lauganna, að ógleymdum veitingastaðnum Skógar Bistró þar sem hægt er að fá sér gómsæta, léttu rétti af matseðli og njóta við arineld og fagurs útsýnis yfir fjörðinn. Við erum einnig með útiveitingasvæði þar sem gott er að fá sér drykk eða léttan rétt, fyrir eða eftir böð; nú eða bara að koma í heimsókn til okkar eingöngu til að snæða,“ segir Tinna, mitt í glæsilegri umgjörð Skógarbaðanna en þar er öll hönnun sér á parti og tekur mið af náttúrunni.

„Við erum ótrúlega ánægð með alla hönnun baðanna sem Basalt arkitektar eiga heiðurinn af. Skógarböðin eru í senn nútímalegur en samt svo hlýlegur staður. Aðgengi fyrir fatlaða er með allra

besta móti og öll hönnun tók mið af því að hér myndu allir upplifa sömu gæðin. Böðin sjálf eru líka vel hönnuð, á þann veg að þrátt fyrir að hér séu annasamir tímar þá upplifir fólk aldrei troðning eða þrengsli, hvorki í búninga- aðstöðu né í böðunum sjálfum. Böðin eru öll dásamleg að vera í, með sama stórkostlega útsýninu og dýrðinni,“ segir Tinna í fögrum fuglasöng og dýrðlegri friðsæld skógarins.

„Umhverfi Skógarbaðanna er aldrei eins og á hverjum degi er eins og maður komi í nýtt umhverfi því skógurinn og umhverfið breytast daglega. Á veturna eru klettarnir klakabornir og undurfallegir í vetrarskrúð- anum, trén íklædd drifhvítum snjó og allt í umhverfinu síbreytilegt. Þetta er því staður sem er alltaf fallegur en á ólíkan hátt eftir dögum og árstíðum.“ ■

Skógarböðin eru við rætur Vaðlaheiðar, gegnt Akureyrarkaupstað. Sími 585 0090. Netfang: info@skogarbad.is. Hægt er að bóka aðgangsmiða fyrir fram á vefnum: forestlagoon.is og kostar 5.990 kr. fyrir einstaklinga í Skógarböðin.



Hönnun mannvirka í Skógarböðunum var í höndum Basalt arkitekta og tekur mið af íslensku náttúru og umhverfinu í kring. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Það er enginn dagur eins í Skógarböðunum þar sem náttúra og umhverfi breytast dag frá degi, og gera hverja baðferð að nýrri og spennandi upplifun.



Skógarböðin eru ævintýraheimur þar sem náttúran spilar stórt hlutverk í ógleymanlegri upplifun gesta og skreytir hibiýlin á einstakan hátt.



Laugarnar í Skógarböðunum eru tvær. Sú stærri er 39°C og sú minni 41°C heit en hún er einnig dýpri. Alls staðar fer vel um fólk og enginn upplifir þrengsli.



Úr fordyrinu þar sem gengið er til lauga blasir við friðsælt og fagurt útsýni.

Sundlaugar eru lífið



Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Sundlaugar hafa skipað stóran sess í lífi Heiðu Harðardóttur frá því hún var smástelpa. Hún heldur úti vefnum sundlaugar.com og reynir að heimsækja allar sundlaugar landsins.

Það er óhætt að titla Heiðu Harðardóttur, nema í húsgagnabólstrun, sem sundlaugasafnara en hún heldur úti vefnum sundlaugar.com ásamt unnusta sínum Finni Magnússyni. Vefurinn inniheldur allar sundlaugar á landinu og þar geta notendur fylgst með hversu margar sundlaugar þeir hafa heim-sótt.

Áhugi hennar á sundlaugum hófst snemma. „Ég held að þessi áhugi minn á ævintýralegum sundlaugum sé spröttinn frá reglulegum heimsóknnum í gömlu sundlauginu á Laugum í Sælingsdal sem barn. Ef ég gæti ferðast aftur í tímann þá væri ég til í að fara í þá gömlu laug. Hún var skemmtilega hrá og í minningunni svolítið drungaleg, með heitum potti sem í raun var lítið herbergi með einum glugga. Áður fyrr var þessi sundlaug einnig notuð sem samkomuhús og fór móðir mín á dansleiki þarna, en þá var sundlaugin tæmd og hún notuð sem danssalur.“

Kíkir á ströndina í sumar

Heiða og fjölskylda er búsett í Kaupmannahöfn í sumar og þar er ýmislegt í boði. „Hverfislaugin er efst á listanum hjá okkur en hún heitir DGI Byen og er við



hliðina á Hovedbanegården. Hún er hringlaga svo maður getur synt endalaust án þess að snúa nokkurn tíma við, en einn hringur er 100 metrar. Svo bið ég spennt eftir að Øbro-hallen opni aftur eftir viðhald, en það er elsta innisundlaug Danmerkur og arkitektúrinn er undir áhrifum af rómverskum böðum. En ætli sumarið verði ekki notað í að kíkja á strendurnar í nágrenni Kaupmannahafnar og prófa hafnarböðin við Íslandsbryggju.“

Sakna heitu pottanna

Hún segir fjölskylduna sakna íslensku lauganna mikið, sérstaklega heitu pottanna. „Við höfum ekki verið alveg nógu dugleg að prófa dönsku laugarnar. Mér sýnist Danir standa sig alveg ágætlega í

að byggja sundlaugar, en það eru oftast innilaugar með mjög finu leiksvæði fyrir börn á öllum aldri. En íslenska sundlaugamenningin er alveg sér á báti og heitu pottarnir okkar eru kannski bara svarið við dönsku pöbbaþerminni.“

Fimm ára hugmynd

Sundlaugar.com er fimm ára gömul hugmynd sem kviknaði þegar hún og Finnur voru að ferðast Vestfirði. „Þá fór ég í þrjár sundlaugar sama daginn og í kjölfarið fór um að velja fyrir okkur hversu margar laugar væru á landinu, hvað við ættum margar eftir og hvort við gætum ekki haldið utan um þessa áskorun, að heimsækja þær allar.“

Hún segir þetta vera í grunninn sáraeinfalda hugmynd. „Finnur

„Ég held að þessi áhugi minn á ævintýralegum sundlaugum sé spröttinn frá reglulegum heimsóknnum í gömlu sundlauginu á Laugum í Sælingsdal sem barn,“ segir Heiða Harðardóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

setti upp kerfi þar sem þú getur skráð þig og haldið utan um hvaða sundlaugar þú hefur farið í. Ég sá að mestu um efnistökin og á einhverjum tímavarki í Covid-bylgju 4 var þetta orðið nógu gott til að opna fyrir almenningi. Við erum með ansi gott kort yfir laugar landsins og síðan þessa einu virkni, að merkja við þær sem þú hefur klárað.“ Umferðin hefur haldist nokkuð stöðug þótt vefurinn hafi ekki verið auglýstur. „Það virðist vera að vinahópar og fjölskyldur séu að skora hvert á annað í að klára laugarnar eða allaveganna bera saman bækur. Í dag hafa rúmlega 4.000 skráð sig og merkt við meira en 130.000 laugar. Það gerir rúmlega 30 laugar að meðaltali sem okkur finnst ansi gott. Ánægjulegastar eru samt sögurnar af fólki sem skipuleggur frið og peppar krakkana í þessa skemmtilegu áskorun.“

Opnar verkstæði í haust

Fjölskyldan flutti til Skive á Jótlandi síðasta sumar, þar sem Heiða kláraði nám í húsgagnabólstrun við Tækniskólann. „Við tókum Norrænu til Kaupmannahafnar kringum páskana með allt okkar hafurtask og prófuðum heitu pottana á þilfarinu í leiðinni. Núna er ég að klára samning í Kaupmannahöfn og stefni á að setja upp eigið verkstæði á Íslandi í haust. Þá kemst lífið aftur í smá rútínu og ég get aftur farið að stunda Vesturbæjarlauginu og bæta í sundlaugasafnið.“ ■

Sumarnæturopnun í Vök Baths 25. til 26. júní

Heitu náttúrulegarnar, Vök Baths, liggja ofan á fögru Urriðavatninu, sem er í aðeins fimm mínútna fjarlægð frá Egilsstöðum. Þær eru fyrstu og einu fljótandi laugar landsins og ómissandi áningarstaður allra sem vilja upplifa beina snertingu við náttúruna og næra um leið líkama og sál.

Ósnortin náttúra, tignarleg fjöll, himinblátt vatn, fagur fuglasöngur, austfirsk veðurblíða og stökkvandi bleikjur upp úr vatninu eru umgjörð þessarar baðparadisar.

„Við opnuðum í júlí 2019 og síðan hefur bara verið gaman og viðtökurnar dásamlegar,“ segir Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths. „Hönnun staðarins er í takti við umhverfið og upprunann, með tveimur fljótandi laugum sem eru í laginu eins og hitavakirnar sem mynduðust á vatninu. Fljótandi laugar eru nýnæmi á Íslandi en í þeim upplifa gestir einstaka tengingu við náttúruna með útsýni í allar áttir, og þegar legið er í þeim er eins og maður sé ofan í köldu og íðilfögru vatninu, þótt legið sé í makindum í heitum uppsprettum Urriðavatns.“ Úr laugunum er svo beint aðgengi úr stiga ofan í vatnið og margir sem nýta sér að fara út í Urriðavatn er þörungaríkt og hefur heilsusamleg og frískandi áhrif á húðina, sannkallað heilsuþað, að sögn Aðalheiðar.

Auk fljótandi lauganna ofan í vatninu eru tvær heitar laugar við strönd vatnsins, köld údagöng og gufubað. Öll aðstaða er einstaklega glæsileg.

Munaðurinn og dekríð einskorðast þó ekki við laugarnar eingöngu. Á Vök Bistro er hægt að velja úr handtíndum jurtum frá Móður Jörð í Vallanesi, til dæmis myntu, sítrónumelissu og fleira góðgæti í



Miðnætursólin leikur við baðgesti og glampar á Urriðavatni.

MYND/ADSEND

Við leggjum áherslu á að koma gestum okkar ánægjulega á óvart og tryggja ljúfa og skemmtilega upplifun.

sumarsólstöðum, World Bathing Day og Jónsmessunnar,“ segir Aðalheiður. Þá opnar kl. 10 að morgni laugardagsins 25. júní og lokar ekki aftur fyrir en kl. 22 að kvöldi sunnudagsins 26. júní.

Aðalheiður segir að upphaflega hafi verið ætlunin að hafa opið til miðnætis af þessu tilefni, en hugmyndin hafi undið upp á sig og á endanum hafi verið ákveðið að hafa bara opið alla nóttina.

„Það verður eitthvað fyrir alla í sumarnæturopnuninni,“ segir Aðalheiður. „Trúbadorinn Øystein Gjerde treður upp og laugarbarinn verður opinn til kl. 3. Óáfengi drykkurinn Lárus sundöl verður á 2 fyrir 1 tilboði milli 2 og 3 um nóttina.“

Svo er alveg tilvalið að nota flot-hetturarnar sem við erum með til að njóta í fljótandi laugunum, það er alveg einstök tilfinning.

Gestir á sumarnæturopnuninni fá einstakt tækifæri til að upplifa bjarta, íslenska sumarnótt.

Við leggjum áherslu á að koma gestum okkar ánægjulega á óvart og tryggja ljúfa og skemmtilega upplifun. Stutt er í allar náttúru-perlur á svæðinu bæði á vetri og sumri og gott að koma í Vök Baths eftir alls kyns útivist í perluunum okkar, Hengifossi, Stuðlagili og Seyðisfirði. Það er tilvalið að koma í laugarnar til okkar á eftir, dekra við sig í yndislegu umhverfi og borða góðan mat,“ segir Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths á Austurlandi. ■



Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Vök Baths.

jurtatebollann. Hægt er að skrúfa frá krana og heitt vatn beint úr borholu streymir í bollann. Svo er boðið upp á snilldarrétti á hóflegu verði.

Á laugarbarnum er mikið úrval áfengra og óáfengra drykkja. Aperol Spritz er sívinsæll drykkur og nýir sumardrykkir í sumar eru



Vakirnar og náttúran renna saman í eitt í Vök Baths.

Mojito og Strawberry Daquiri. Ekki má gleyma björttegundunum Vökva og Vöku sem voru þróaðir í samstarfi við Austra brugghús, en þeir eru komnir í fjórar vinnubúðir ásamt fjölda veitingastaða á Austurlandi.

Laugarbarinn er við stóra laug sem hægt er að fara í beint úr

búningsklefa. Þar er líka hægt að fá freyðivín og kampavín og skála í fallegum glösum, enda býður umhverfið í Vök Baths upp á einstaka rómantik.

Vök Baths eru opin frá kl. 10-22 alla daga í sumar. „Við erum síðan búin að fá leyfi fyrir sólarhrings-opnun 25.-26. júní, í tilefni af

Björböðin bjóða upp á einstaka slökun

Björböðin á Dalvík eru þau einu sinnar tegundar á öllum Norðurlöndunum. Þar geta gestir notið þess að baða sig í fallegu umhverfi í blöndu af óáfengum bjór, vatni og geri og síðan gætt sér á gómsætum mat úr gæðahræfni frá svæðinu.

„Björböðin eru þau einu sinnar tegundar á Íslandi og öllum Norðurlöndunum, en þau urðu fimm ára 1. júní síðastliðinn. Eins og nafnið gefur til kynna bjóðum við upp á bjórbað, þar sem gestir okkar liggja í baði sem er fyllt með vatni, bjór og geri, en við erum einnig með útipotta,“ segir Ragnheiður Ýr Guðjónsdóttir, rekstrarstjóri Bjórbaðanna. „Þeir eru mjög skemmtilegir, enda er gríðarleg náttúrufegurð hérna allt um kring og fallegt útsýni yfir í Hrisey, Kaldbak og Þorvaldsdal.

Við erum líka með frábæran veitingastað þar sem flestir réttirnir eru tengdir við bjór á einhvern hátt, svo það er hægt að koma til okkar í dekur, slökun og njóta þess svo að fá sér frábæran mat,“ bætir Ragnheiður við. „Við leggjum áherslu á fallegt og rólegt umhverfi, góðan bjór og góðan mat.“

Bað, slökun og dekur í fallegu umhverfi

„Öllum finnst gaman að prófa eitthvað nýtt og öðruvísi og við bjóðum svo sannarlega upp á öðruvísi og um leið einstaka upplifun,“ segir Ragnheiður. „Eftir bjórbaðið er svo boðið upp á sérstakt slökunarherbergi til að ná fullkominni hvíld og mörgum finnst það toppurinn af upplifuninni.

Við mælum svo með því að sleppa því að fara í sturtu í minnst fjórar klukkustundir eftir baðið, svo að bjórinn og gerið fái sinn tíma til að vinna almennilega á húðinni og hárinu, en bæði verður mjúkt samtundis og heldur svo áfram að mýkjast þegar líður á,“ útskýrir Ragnheiður.

Matur úr gæðahræfni frá svæðinu

„Á veitingastaðnum okkar leggjum við áherslu á að bjóða mat sem er gerður úr gæðahræfni frá svæðinu, eins og fiski frá Hauganesi og kjöti frá B. Jensen. Við reynum líka að tengja matinn við alls konar bjór og notum hann mikið í ýmsa rétti,“ segir Ragnheiður. „Kaldaborgarinn okkar er til dæmis bjórleginn og gríðarlega vinsæll. Hann er einn af okkar upprunalegu réttum og klikkar aldrei.“

Snyrtivörur sem hjálpa húðinni
Björböðin bjóða líka upp á ýmsar sérgerðar snyrtivörur sem hægt er að kaupa á staðnum eða panta í vefversluninni og í gegnum síma og tölvupóst.

„Sápurarnar okkar koma frá Tékklandi, en þetta eru vörur sem við kynntumst í ferðalagi um landið. Baðsaltið og baðolíurnar eru svo þær sömu og við notum í böðin, þær gefa frá sér góða lykt og örlytla froðu,“ segir Ragnheiður. „Vörurnar eru unnar úr bjór, geri og humlum og eru stútfullar af B-vítamíni sem hjálpar húðinni að endurnýja sig og róar um leið kláða í húð og hársverði.“

Einstök upplifun í himnaríki baðunnenda

„Ísland er sannkallað himnaríki fyrir baðunnendur og ég held að enginn fari skitugur heim eftir ferðalagi um landið okkar. Hjá okkur er hægt að fá alveg einstaka upplifun á þessu sviði og björböðin okkar eru fyrir alla. Það er



Á veitingastaðnum er boðið upp á mat sem er gerður úr gæðahræfni frá svæðinu og bjór er mikið notaður í ýmsa rétti.

ekkert áfengi í bjórnum sem fer í baðið, svo það geta allir komið í heimsókn til okkar,“ útskýrir Ragnheiður. „Hingað kemur ótrúlega mikið af fjölskyldum með börn, sem er bara frábært.

Bjórbað er líka alls ekki bara fyrir bjóráhugafólk. Þetta er fyrst og fremst heilsulind og hér fá gestir fullkomna slökun og fara héðan endurnærðir,“ segir Ragnheiður. „Fyrir einhverja er það auðvitað plús að það er hægt að drekka bjór á meðan þú ert í heimsókn, en áherslan er frekar á einstaka upplifun og góða þjónustu.“

Stanslausar hugmyndir um stækkunir

„Við erum svo líka með stanslausar hugmyndir um alls kyns stækkunir og breytingar. Núna næst erum við að opna gistingu, en það verður byrjað á fimm herbergjum og svo förum við í stækkun þegar líður á árið,“ segir Ragnheiður. „Við erum líka komin af stað með hugmyndir um frekari stækkun Bjórbaðanna, en við látum duga að gera eitt verkefni í einu.“ ■

Björböðin eru opin frá kl. 12-22 alla daga nema sunnudaga, en þá lokar kl. 21. Boðið er upp á tvær rútufærdir frá Akureyri alla opnunardaga kl. 11 og kl. 16. Mikilvægt að bóka sig í þær í gegnum bookings@bjorbodin.is. Nánari upplýsingar fást í síma 414 2828 og á www.bjorbodin.is.

Ragnheiður Ýr Guðjónsdóttir, rekstrarstjóri Bjórbaðanna, segir að þar sé lögð áhersla á fallegt og rólegt umhverfi, góðan bjór og góðan mat.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AUGUNN



Útipottarnir eru mjög skemmtilegir, enda er gríðarleg náttúrufegurð allt í kringum Björböðin og fallegt útsýni yfir í Hrisey, Kaldbak og Þorvaldsdal.

Í Björböðunum er hægt að fá einstaka upplifun og fullkomna slökun. Björböðin henta líka öllum, því það er ekkert áfengi í bjórnum sem er notaður í böðin.





Sundlaugin á Hofsósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skemmtilegur sundvefur

Vefurinn sundlaugar.com fór í loftið á síðasta ári, en hann inniheldur upplýsingar og kort yfir allar sundlaugar landsins þar sem rúkað er fyrir aðgang. Þar er auk þess hægt að skrá sig inn og merkja við allar sundlaugar sem viðkomandi hefur heimsótt og fylgjast með hversu margar laugar er eftir að heimsækja víða um land.

Vefurinn er fimm ára gömul hugmynd sem kviknaði þegar annar aðstandanda vefsins heimsótti þrjár sundlaugar á Vestfjörðum sama daginn í sumarfrí. Í kjölfarið var farið að velta fyrir sér hversu margar laugar væru á landinu og hversu margar laugar væri eftir að heimsækja. Í dag hafa um 4.000 manns skráð sig og heimsótt fleiri en 130.000 sundlaugar.

Algengt er að vinahópar og fjölskyldur séu að skora hvert á annað í að klára laugarnar.

Sundlaugar.com var tilnefndur til vefverðlaunanna í ár í flokknum gæluverkefni. ■



Að dýfa sér aðeins ofan í kaldan pott gerir flestum gott. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hressandi kuldahrollur

Köld böð hafa ör Vandí áhrif á efna-skipti, taugar og blóðflæði.

Fyrstu viðbrögð líkamans við kulda eru að þrængja húðæðar, hækka blóðþrýstinginn og auka blóðflæði til hjartans. Öndunin verður dýpri, sem hjálpar við að lofta um lungun og styrkir hjarta-vöðva. Eftir nokkrar sekúndur eða mínútur gera taugaböð það að verkum að háráðar í húðinni víkka út. Þetta veldur notalegri hitatilfinningu og vellíðan.

Til að tryggja virkni kalda baðsins er nauðsynlegt að allur líkaminn sé heitur, til dæmis strax eftir að farið er á fætur á morgn-ana, eftir líkamlega vinnu eða eftir göngutúr. ■

Hafið eftirfarandi í huga við köld böð:

- Aldrei fara í kalt vatn þegar manni er kalt!
- Lengd kalda baðsins: 4-20 sekúndur. Hitastig vatnsins: Hámark 15°C
- Eftir baðið er best að fara upp í heitt rúm eða hreyfa sig

Gott við:

- Lélegum efnaskiptum
- Gigt, liðagigt
- Svefnleysi
- Lélegu blóðflæði (kaldar hendur eða fætur, kulsækni)

Frábendingar:

- Sumir hjartasjúkdómar, til dæmis mitral stenosis
- Sótthiti
- Hjartasjúklingar ættu aðeins að nota köld böð í samráði við lækni.

HEIMILD: HEILSUSTOFNUN.IS

Sundlaugardiskó í Borgarnesi

Á föstudaginn í næstu viku verður hægt að sletta úr klaufunum í sundlauginni í Borgarnesi, en þá verður haldið sundlaugardiskó í lauginni milli klukkan sjö og níu um kvöldið.

Böðið verður upp á skemmtun og veitingar, en DJ Kingvar sér um að halda uppi stuðinu með tónlist og Arion banki ætlar að bjóða upp á veitingar. Það verður einnig böðið upp á sápukúlur á meðan birgðir endast.

Gestir eru sérstaklega hvattir til að mæta í Hawaii-skyrtum og stuttbuxum.

Viðburðurinn er hluti af dagskrá Brákarhátíðar, sem er sumarhátíð Borgarbyggðar, en hún fer venjulega fram síðasta laugardag í júní. Í ár stendur hátíðin yfir frá föstudegi til sunnudags og það verður böðið upp á alls kyns skemmtilega viðburði.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook. ■



Það verður diskófjör í sundlauginni í Borgarnesi í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL


KJARNADU ÞIG Í KRAUMA

Í **Krauma náttúrulegum** kemstu í beina snertingu við kjarna íslenskrar náttúru þegar þú baðar þig upp úr hreinu og tæru vatni úr Deildartunguhveru sem er kælt með vatni undan öxlum Oks.

Fimm heitar laugar og ein köld umvefja þig með hreinleika sínum sem er tryggður með miklu vatnsrennsli og engum sótthreinsandi efnum.

Njóttu þín í gufuböðum og útisturtum eða í hvíldarherberginu við snark úr arineldi og fullkomnaðu daginn með notalegri stund á veitingastaðnum okkar sem býður upp á dýrindis rétti úr fersku hráefni úr héraði.

Láttu líða úr þér í náttúrulegu umhverfi.


KRAUMA
Bókaðu á netinu – krauma.is

 kraumageothermal
kraumageothermal

+354 555 6066

Deildartunguhver, 320 Reykholt



YEST/YESTA kjóll
Fæst líka í hvítu
Stærðir 38-54
Verð 12.980 kr



YEST/YESTA jakki
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-54
Verð 12.980 kr



STUDO Hilma kjóll með vösum
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr



GOZZIP Monna skyrtukjóll
Stærðir 38-56
Verð 15.980 kr



STUDIO bolur
Stærðir 38-56
Verð 10.980 kr

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA



SANDGAARD Oslo hálfslóðar leggings
Fást líka í svörtu
Stærðir 38-54
Verð 5.980 kr



SANDGAARD Oslo hlýrabolur
Fæst líka í hvítu
Stærðir 36-54
Verð 5.980 kr



NO SECRET Fiorella jakkapeysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56
Verð 13.980 kr



NO SECRET Nadine stuttermabolur
Stærðir 42-50
Verð 7.980 kr



ROBELL Bella09 ökklabuxur
Stærðir 36-52
Verð 13.980 kr

SYBEL+

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

Tamaris

GOZZIP

Handberg

SANDGAARD

Jana

LASESSOR



FRANSEN létt dúnlpa
Fleiri litir til
Stærði 38-54
Verð 23.980 kr



NORMANN Nina útvistarjakki
Fæst líka í bláu
Stærðir 42-54
Verð 32.980 kr



LASESSOR MOOMIN regnhlíf
Fleiri gerðir til
Verð 6.990 kr



LASESSOR MOOMIN Seðlaveski
Verð 4.990 kr



JANA götuskór
Stærðir 37-41
Verð 18.990 kr

Verzlunin Belladonna



belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Brúðarförðun þarf að haldast allan daginn

Gott er að tilvonandi brúðir undirbúi húðina fyrir brúðkaupsdaginn með því að nota rakamaska, gott dagkrem, næturkrem og augnkrem. Þegar kemur að förðuninni sjálfri leggur Arna Sigurlaug Ragnarsdóttir förðunarfræðingur meðal annars áherslu á vatnsheldan maskara, þar sem tár geta fallið á brúðkaupsdaginn.

Svava Jónsdóttir

Arna Sigurlaug Ragnarsdóttir, förðunarfræðingur og sölustjóri hjá Artica, segir undirbúning húðar fyrir brúðkaupsdaginn skipta máli.

„Grunnur að fallettri förðun felst alltaf í því hvernig húðin er undirbúin. Ég myndi ekki mæla með að prófa nýja maska viku fyrir brúðkaup heldur frekar að vera búin að finna út hvað hentar húð viðkomandi svo ekkert erti húðina síðustu dagana fyrir brúðkaupsdaginn. Rakamaski er alltaf sniðugur, bæði fyrir dómur og herrana, sem vilja fá aukinn raka og ljóma. Rakamaskar geta verið mismunandi en flestir gefa góðan raka og rakastilla húðina. Þá eru þeir oft með einhverju auka sem til dæmis róar húðina, kælir og minnkar roða.“

Hvað með andlitskrem og augnkrem?

„Það ætti alltaf að nota gott dagkrem, næturkrem og augnkrem því þau halda góðu jafnvægi á húðinni. Hvernig sem húðtýpan er – þurr, blönduð eða olíukennd – þá er alltaf gott að nota rakakrem sem hentar húðtýpu hvers og eins. Það skiptir máli fyrir góða förðun.“

Arna Sigurlaug mælir með að tilvonandi brúðir fari í prufuförðun fyrir stóra daginn.

„Ég myndi segja að það væri nauðsynlegt og það er sniðugt að koma um mánuði fyrr. Ég bið tilvonandi brúði alltaf um að koma með hugmyndir að förðun sem hún vill fá: til dæmis myndir af Pinterest. Síðan finnum við saman út hvað við viljum gera og veljum farða og líti eftir hvað hverri og einni hentar.“

Svo húðin ljómi

Svo rennur brúðkaupsdagurinn upp og segir Arna Sigurlaug skipta máli að förðunin haldist allan daginn og að sjálfsögðu að brúðinni líði vel með förðunina.

„Ég hitti brúðina almennt um mánuði fyrir brúðkaupsdaginn og þá förum við yfir öll skrefin og ákveðum hvaða vörur við



Arna notar ekki ýkt tiskutrend við brúðkaupsförðun enda þurfi brúðarmyndir að standast tímans tönn og lífa áfram. **MYND/AÐSENDAR**

ætlum að nota. Oftast er brúðurin þá búin að kaupa varalítakombó sem við höfum hjálpast að við að finna. Ég mæli til dæmis með MAC; þeir hafa svo mikið úrval af varalítum og flestir ættu að geta fundið rétta litinn þar. Og ef ekki varalit þá gloss,“ segir Arna Sigurlaug.

Þegar kemur að húðinni er alltaf byrjað á að grunna húðina með góðum raka og síðan primer sem hjálpar allri förðun að haldast vel yfir allan daginn.

„Ég nota aðallega primera frá Smashbox þar sem þeir eru með góða primera fyrir allar húðtýpur. Þeir hjálpa farðanum að haldast betur á yfir daginn, slétta áferð húðar, minnka opnar húðholur og áferðin á farðanum verður fallettri. Hvað farða – meik – varðar, er það frekar mismunandi og fer algjörlega eftir týpunum, hvort þær vilji alveg þekjandi farða eða aðeins léttari. Aðalatriðið er að húðin ljómi.“



Arna Sigurlaug Ragnarsdóttir, förðunarfræðingur. **FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI**

Arna Sigurlaug segir misjafnt hvað brúðir vilja, ekki sist þegar kemur að augnförðun.


„Stór hluti velur brúntóna jarðliti. Litir eru líka fallettri og poppa upp augnförðunina en þetta eru þá oftast mildir litir sem við notum í brúðarförðun. Síðan nota ég smá augnblýant, hvort sem það er til að ramma aðeins inn augnförðunina eða augnblýant sem má vera aðeins áberandi. Oft fer þetta eftir tiskutrendunum sem eru í gangi á hverjum tíma en ég nota ekki ýkt tiskutrend, vegna þess að við viljum að myndirnar lifi áfram. Ég mæli líka alltaf með vatnsheldum maskara á stóra deginum; það geta alltaf komið smátár á svona degi. Einnig nota ég oftast stök augnhár til að gera aðeins meira úr þeim sem fyrir eru.“

Arna segir að það séu mikil trend þegar kemur að augabrúnum; í þeim séu sveiflur. „Núna er mikið verið að greiða þær upp: smá „soap brow“ þótt við pössum að gera ekki of mikið heldur er reynt að hafa þær sem náttúrulegastar.“

Þegar förðunin er tilbúin segir Arna Sigurlaug að lokaskrefið hjá sér sé alltaf að setja „setting spray“ yfir andlit brúðarinnar. ■



Brúntóna jarðlitir og mildir litatónar eru oft notaðir við brúðarförðun.



Ljómandi húð og brúntóna augnförðun með dökkri skyggingu.



Klassísk brúðarförðun með léttri skyggingu og nude-bleikum varalit.



Arna mælir alltaf með vatnsheldum maskara á brúðkaupsdaginn.

Brosandi blaðra, alla daga

COMFORT-U® fyrir endurteknar þvaggfærasýkingar og jafnvægi sýrustigs

Fyrirbyggjandi og við bráðum tilfellum



GOOD ROUTINE

Nýtt og spennandi vörumerki á Íslandi! Fæst nú í Apótekanum, Lyf & heilsu, Hagkaup og Krónunni.



Maltesers

súkkulaði á léttan máta



Stígandi unaður

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna samþykktar á tillögu aðalskipulags.

1. Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032 – 2002038

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. maí 2022 gildistöku nýs aðalskipulags Ásahrepps eftir auglýsingu. Að mati hreppsnefndar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna tillögunnar með fullnægjandi hætti innan tillögunnar. Niðurstaða hreppsnefndar Ásahrepps er kynnt hér með.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

2. Miðhús 1 L166579 og Miðhús 2 L166580; Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2101012

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Miðhúsa 1 og Miðhúsa 2. Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytta afmörkun og minnkun á frístundabyggð F39. Svæðið neðan vegar minnkar um u.þ.b. 10 ha en svæðið ofan vegar stækkar um u.þ.b. 5 ha.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi skipulagslýsingar og deiliskipulagsáætlana:

3. Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð, Vatnsfellsstöð og Búðarhálsstöð; Virkjanir; Deiliskipulag og deiliskipulagsbreyting – 2204066

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. maí 2022 að kynna skipulagslýsingu vegna virkjanna á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Unnið verður deiliskipulag fyrir eftirtaldir virkjanir; Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellsstöð ásamt Vatnsfellsveitu. Auk þess verður gerð breyting á deiliskipulagi Búðarhálsstöðvar.

4. Hraunkot; Fjölgun lóða og breytt stærð húsa; Deiliskipulagsbreyting – 2205021

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að kynna tillögu deiliskipulags er varðar breytingu á deiliskipulagi Hraunkots. Í breytingunni felst meðal annars fjölgun lóða um 59 sem verða 402 eftir breytingu. Stærðum aðalhúss og geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag A og B en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. Miðhús 2 L166580; Frístundasvæði; Deiliskipulag – 2204032

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 11. maí 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags innan lands Miðhúsa 2. Samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi sem tekur til svæðisins. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða fyrir frístundahús sem byggir á samkomulagi landeigenda um skiptingu svæðisins.

6. Eyjarland L167649; Seiðaeldi; Deiliskipulag – 2204070

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu er varðar nýtt deiliskipulag og lóð Eyjarlands, L167649. Markmið deiliskipulagsins er að stuðla að frekari uppbyggingu fiskeldis og ákvarða byggingarmagn, hæðir húsa, nýtingarhlutfall, aðkomu og frárennsli fyrir starfsemina. Skilgreina byggingarreiti fyrir eldistjarnir, settjarnir og starfsmannaádstöðu. Ráðgert er að bæta ádstöðu og aðbúnað á svæðinu bæði fyrir seiði og starfsfólk.

7. Eyvindartunga; Frístundabyggð neðan Laugarvatnsvegar; Deiliskipulag – 1706048

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu er varðar nýtt deiliskipulag í landi Eyvindartunga. Deiliskipulagið tekur til svæða sem eru skilgreind sem F23 og F24 innan aðalskipulags Bláskógabyggðar þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir allt að 60 frístundalóðum. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að ákvarða lóðamörk, byggingarmagn og nýtingarhlutfall innan svæðisins auk þess sem gert er grein fyrir aðkomu og veitum.

8. Miðdalur L167644; Aukin byggingarheimild; Hjólhýsasvæði fellt út; Deiliskipulagsbreyting – 2010059

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi að Miðdal, L167644. Í breytingunni felst að byggingarheimild fyrir frístundahús innan svæðisins er aukin úr 60 fm í 100 fm og að lóðarhafar geti byggt allt að 40 fm smáhýsi/gestahús á hverri lóð innan stækkaðs byggingarreits auk 15 fm geymslu sem teljast í báðum tilfellum til heimilaðs hámarksflatarmáls orlofs- eða frístundahúsa innan svæðisins. Skilmálar sem taka til þjónustuhúss og tjaldsvæðis eru uppfærðir auk þess sem hjólhýsasvæði á eldri uppdrætti er fellt út.

9. Ásabyggð 32-42; Deiliskipulagsbreyting – 2111051

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. maí 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Ásabyggðar. Breytingin nær til lóða nr. 32-42 ásamt nýrri göngu- og hjólaleið við suðurenda skipulagsreitsins sem nýtist jafnframt sem flóttaleið. Svæðið er um 5,0 ha að stærð. Öll hús innan þessa svæðis eru í eigu Kennarasambands Íslands (KÍ) og eru þau leigð út sem orlofshús til félagsmanna. Markmið breytingarinnar er að leiðrétta staðsetningu þegar byggðra húsa sem eru ekki öll innan byggingareits ásamt því að fjölga um 3 orlofshús og byggja eitt hús sem sinnir umsýslu og viðhaldi á svæðinu auk þess sem gert er ráð fyrir frekari sameiningu lóða. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild fyrir lagningu vegar að nýjum orlofshúsum. Athugasemdir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

10. Geysir; Hverasvæðið; Breytt stígakerfi og stækkunar friðlands; Deiliskipulagsbreyting – 2205102

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi Geysissvæðisins í Haukadal. Í breytingunni felst breyting á stígakerfi innan deiliskipulagssvæðisins sem og stækkun friðlands Geysissvæðisins.

11. Kringla 9 L232038; Árvegsbotnar 42-56; Deiliskipulag – 2202091

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að auglýsa tillögu er varðar nýtt deiliskipulag í landi Kringlu 9. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 7 lóðum fyrir frístundabyggð.

12. Neðan-Sogsvegar 61 L169338, Norðurkot, Skipting lóðar, Deiliskipulagsbreyting – 2010091

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi í landi Norðurkots. Í breytingunni felst ný skilgreining lóða og byggingarreiða innan svæðisins auk byggingarheimilda. Samhliða er lögð fram undanþága Innviðaráðuneytis vegna takmarkanna er varðar fjarlægð frá vegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is

Mál nr. 1, 3 og 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 16. júní 2022 til og með 7. júlí 2022.

Mál nr. 2 og 5-12 innan auglýsingar eru auglýst frá 16. júní 2022 til og með 29. júlí 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

8 SMÁAUGLÝSINGAR

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Hjólhýsi



TRIGANO UPPLÁSN FORTJÓLD Á FRÁBERU VERÐI

Lima 300 Verð: 186.999 kr.
Lima svefnkálfur verð: 70.000 kr.
Virka vel á Hjólhýsi og 10 - 12 feta fellihýsi

Allar nánari upplýsingar og pantanir í síma 863 4449, kriben@simnet.is, www.facebook.com/hjohlhysi

Bátar



Léttir Fyrirferðalittir Hjólalátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðaflutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorfl., sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is



ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu. Runnaklippingu, garðslátt, beðahreinsun, Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafid samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TREVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Er lúsmý til ama?

Þú færð flugnafætur og kælikrem hjá okkur

20%
AFSLÁTTUR



Áhrifaríku flugna- og skordýrafæturnar



Opið 17. júní í
bílaapótekunum



VESTURLANDSVEGI 9-22
HÆÐASMÁRA 10-23



Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

Merkisatburðir

- 1551** Jón Arason og synir eru dæmdir landráðamenn á Oddeyri við Eyjafjörð, að undirlagi danskra sendimanna.
- 1877** Blaðið Ísafold prentað í fyrsta sinn í eigin prentsmiðju.
- 1909** Vatni hleypt á dreifikerfi Vatnsveitu Reykjavíkur úr Elliðaám.
- 1940** Sovétríkin leggja Eistland undir sig.
- 1943** Strandferðaskipið Súðin verður fyrir loftárás þýskrar orrustuflugvélar á Skjálfandaflóa og tveir menn falla í árásinni.
- 1944** Alþingi heldur fund í Reykjavík, fellir niður sambandslög Íslands og Danmerkur og tekur nýja stjórnarskrá í gildi.
- 1946** Hátiðahöld eru í tilefni 100 ára afmælis Menntaskólans í Reykjavík.
- 1980** Gufuneskirkjugarður í Reykjavík er tekinn í notkun.
- 2008** Ísbjörn (Hraunsbirnan) kemur á land við Hraun á Skaga. Þetta er öldruð birna sem er felld næsta dag, 17. júní.



Í fótspor þyngsta biskupsins

Kjagað á eftir biskupi er yfirheiti kvöldgöngu þar sem fræðst verður um líf og störf Geirs Vídalíns biskups.

arnartomas@frettabladid.is

Kvöldgöngur eru vikuleg viðburðaröð sem Borgarsögusafn, Borgarbókasafn og Listasafn Reykjavíkur standa fyrir og fara fram á fimmtudagskvöldum í sumar. Í kvöld munu sagnfræðingarnir Jón Páll Björnsson og Íris Gyða Guðbjargardóttir fræða gesti um biskupshjónin Geir og Sigríði Vídalín.

„Við ætlum að ganga í fótspor Geirs Vídalíns sem var fyrsti biskupinn sem sat í Reykjavík eftir að biskupsdæmi Skálholts og Hóla voru loksins sameinuð,“ segir Jón Páll. „Hann fluttist til Reykjavíkur og bjó í Aðalstræti 10 þar sem hann bjó til dauðadags.“

Gengið verður frá Dómkirkjunni á ýmsa staði sem tengdust lífi og störfum Geirs – Aðalstræti, Fögetagarðinn og niður á höfn. Gangan er meðal annars tilkomin vegna nýrrar sýningar sem opnuð var á dögnum í Aðalstræti 10 og var sameinuð Landnámssýningunni. Þar má meðal annars sjá eftirmynd af skrifstofu Geirs, eða Biskupsstofuna, eins og húsið var iðulega kallað.



Jón Páll segir latinukunnáttu Geirs hafa aflað honum vinsælda meðal erlendra menntamanna.

MYND/ADSEND

Það er til það máltæki að þeir sem sátu lengi inni hjá biskupi hafi farið þaðan blekaðir,“ segir Jón Páll. „Þá er líka talað um að hugtakið bytta sé þaðan komið líka.“

Þyngra en tárur taki

Þegar Geir dó var hann settur í veglega kistu og grafinn í Víkurgarði. Sagan segir að biskupinn og kistan hafi sam-anlagt vegið 360 kíló og segir Jón Páll hafa þurft tólf menn til að bera kistuna í áföngum.

„Hann varð þó 72 ára sem var mjög hár aldur á þeim tíma, svo þetta virtist ekkert há honum þannig lagað.“

Gangan í kvöld hefst klukkan 20 við Dómkirkjuna og er þátttaka gjaldfrjáls. ■



Geir hafði aðstöðu við Aðalstræti 10.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurgeir Ingi Sveinbergsson

matreiðslumeistari,
Brekkuási 9, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 11. júní.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 11. júlí klukkan 13.

Margrét Böðvarsdóttir

Pétur Smári Sigurgeirsson
Halla Dóra Sigurgeirsdóttir
Sævar Ingi Sigurgeirsson
Sigmar Ingi Sigurgeirsson

Jóhanna Soffía Birgisdóttir
Sigurður Ívar Sigurjónsson
Sigrún Arnórsdóttir

Silja Rós, Ástrós Birta, Hrefna Sif, Róbert Steinn, Dagmar Arna, Styrmir Már og Margrét Mist



Elsku hjartans hugrakki, yndislegi, hjálpsami og besta pabbi okkar, sonur, bróðir, tengdapabbi og mágur,

Gylfi Bergmann Heimisson

lést laugardaginn 4. júní.

Útförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00.

Dóróthea Gylfadóttir

David Stefánsson

Darri Bergmann Gylfason

Dísella Gylfadóttir

Tómas Jökull Bergmann Gylfason

Heimir Bergmann Gíslason
Ólafur Björn Heimisson

Svala Þyri Steingrimsdóttir
Júlíana Ósk Guðmundsd.

Vígfús Birgisson

Theodóra Björk Heimisdóttir
Gisli Kristján Heimisson

Haukur Þorsteinsson
Beata Makilla

og fjölskyldur.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

Þóra Grétarsdóttir

Fossvegi 2, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 10. júní.

Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju mánudaginn 20. júní klukkan 15.

Sigurður Fannar Guðmundsson
Þórunn Elfa Bjarkadóttir
Guðmundur Bjarki Sigurðsson
Þóra Björk Sigurðardóttir



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og meiriháttar amma,

Anna G. S. Atladóttir

lést fimmtudaginn 2. júní á hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram fimmtudaginn 23. júní kl. 15.00 frá Fossvogskapellu.

Lúther Jónsson

Marianna Clara Lúthersdóttir
Dýri Ólafsson

Ólafur Björn Ólafsson
Mía Snæfríður Ólafsd.

og aðrir aðstandendur.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhannes P. Kristinsson

byggingameistari,
Sundlaugavegi 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 5. júní sl.

Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 21. júní nk. kl. 15.00.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 14EG á Landspítala fyrir umhyggju og góða umönnun.

Margrét Jóhannesdóttir
Hörður Jóhannesson
Daði Jóhannesson
Valur Jóhannesson
Elsa Jóhannesdóttir
Gauti Jóhannesson

Eyjólfur Guðmundsson
Sigríður Hjaltadóttir
Erna Guðmundsdóttir
Sólrún Jónsdóttir
Clemens Van der Zwet
Berglind Einarsdóttir

barnabörn og langafabörn.



Ástkær sambýliskona, móðir, amma og langamma,

Jóna Karitas Jakobsdóttir

lést á Landspítalanum aðfaranótt 9. júní. Útförin fer fram í Kópavogskirkju fimmtudaginn 23. júní klukkan 13.00.

Jón Norðfjörð Gíslason

Þóra B. Árnadóttir
Sverrir Árnason
Birgir R. Árnason
Haukur Árnason
Hafdís E. Jónudóttir

Jónas Þ. Guðmundsson
Linda Björk Þormóðsdóttir
Sigurdis Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lára Halla Jóhannesdóttir

Látraströnd 24,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Seltjörn þann 9. júní. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju þann 23. júní kl. 11.

Páll Sigurðarson

Sigurður Pálsson
Alda Pálsdóttir

Jóhannes Pálsson
Hyeyoung Kim

barnabörn og barnabarnabörn.



Gefðu fallegan lífsförunaut í brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá veglega brúðargjöf frá Epal

Skráðu brúðargjafalistann í Epal og við gefum væntanlegum brúðhjónum fyrstu gjöfina.

Skeifan 6 / Smáralind / Kringlan / Laugavegur 7 / www.epal.is



GEORG JENSEN

KÄHLER

by Lassen.
Copenhagen

MENU


HAY

iittala

ferm
LIVING

ROYAL COPENHAGEN
DESIGNER OF THE HEAVENLY THE SPIRIT OF DENMARK

Nýjar og spennandi




Gísl
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



500 mílur frá mér til þín
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Maðurinn sem dó tvisvar
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Morðið í Öskjuhlíð
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Hvað er Drottinn að drolla?
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Ríki óttans
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Reimleikar
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.299 KR.




Dalurinn
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Klækjabrögð
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.

„Alvaran er mun hættulegri smitsjúkdómur en hláturinn”
- Svava Jakobsdóttir

Úrvalið af frábærum nýjum bókum eykst hjá okkur!



Örlagaskipið Arctic
4.599 kr. VERÐ ÁÐUR 5.499 KR.




Inngangur að efnafræði
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Þú sérð mig ekki
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Tíminn sem týndist
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



Nætursöngvarinn
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.



Hvítserkur
3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 4.899 KR.



Óvissa
3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 4.799 KR.



Engin heimilisgyðja
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



Sumar í strandhúsinu
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.299 KR.



Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Vöggustofumálið - seinni hluti** Samantekt á Vöggustofumálinu í umsjón Elínar Hirst og Péturs Fjeldsted.
- 19.30 Suðurnesja-magasín** Vikurfretta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Vísindin og við (e)** Vísindin og við er þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Vöggustofumálið - seinni hluti (e)**

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Útsvar 2011-2012** Reykjavík - Snæfellsbær.
- 14.35 Sumarævintýri Húna** Saga Húna og björgun.
- 15.00 Á tali hjá Hemma Gunn** 1989-1990
- 16.10 Rússneski blaðamaðurinn**
- 17.00 Opnun** Hildur Bjarnadóttir og Helgi Þórsson.
- 17.35 Veiðikofinn** Fjallableikja.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Ofurhetjuskólinn**
- 18.16 Fótboltastrákurinn Jamie**
- 18.44 Rammvilt í Reykjavík** Óvæntur gestur.
- 18.50 Lag dagsins** Ásgeir Trausti - Sumargestur.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.00 Fenejvatvíæringurinn 2022** Þáttur um Fenejvatvíæringinn, stærsta myndlistarviðburð í heimi sem haldinn er í 59. sinn á þessu ári. Sigurður Guðjónsson er fulltrúi Íslands að þessu sinni.
- 20.20 Rökstólar. Mötet** Stuttir sænskir þættir um ólíkar skoðanir fólks á hinum ýmsu málefnum.
- 20.40 Haltu mér, slepptu mér. Cold Feet**
- 21.30 Aldur og yndisþokki. Stolthet og forfall**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Förum á EM**
- 22.50 Lögregluvaktin. Chicago PD**
- 23.30 Brot**
- 00.15 Dagskrárlök**

Sjónvarp Símans

- 11.00 Survivor**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 Black-ish**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil (**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Family Guy**
- 19.40 Missir**
- 20.15 Ræktum garðinn**
- 20.30 How We Roll**
- 21.00 Impeachment** Hann var voldugasti maður veraldar og hún 21 árs lærlingur. Eitt stærsta hneykslismál Hvíta hússins fyrr og síðar.
- 21.50 The L Word. Generation Q**
- 22.45 Love Island**
- 23.30 The Late Late Show**
- 00.15 Tell Me a Story**
- 01.00 Law and Order. Special Victims Unit**
- 01.45 Dexter. New Blood**
- 02.40 Pose**
- 03.30 Love Island**
- 04.15 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.20 MasterChef Junior**
- 10.00 Making It**
- 10.45 Shrill**
- 11.10 X-Factor Celebrity**
- 12.30 Nágrannar**
- 12.55 Suits**
- 13.40 30 Rock**
- 14.00 Shipwrecked**
- 14.50 Making It**
- 15.30 Einfalt með Evu**
- 15.50 Wipeout**
- 16.30 The Heart Guy**
- 17.40 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.50 Ísland í dag**
- 19.05 Sex í forgjöf**
- 19.25 The Titan Games**
- 20.05 The Cabins**
- 20.55 Girls5eva**
- 21.20 NCIS**
- 22.00 Real Time With Bill Maher**
- 23.00 Barry**
- 23.25 Conversations with Friends**
- 23.55 Pandore**
- 00.40 The Mentalist**
- 01.25 Shrill**
- 01.50 Suits**
- 02.35 30 Rock**
- 02.55 Shipwrecked**
- 03.45 Making It**

Seinni þáttur um Vöggustofurnar á Hringbraut í kvöld

Elin Hirst heldur áfram að fjalla um Vöggustofumálið á Hringbraut í kvöld, en þar mun hún meðal annars varpa ljósi á vitneskju manna á sínum tíma um hvað fór fram á þessum opinberu barnaheimilum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Forkólfar borgarstjórnar vissu af harðræðinu, en aðhöfðust ekkert. Framleiðsla þáttanna er í höndum Péturs Fjeldsted.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
- 1 brotsjór
 - 5 léleg
 - 6 glufa
 - 8 hæða
 - 10 átt
 - 11 skalt
 - 12 rispa
 - 13 eyðing
 - 15 krydd
 - 17 úthluta

- LÓDRÉTT**
- 1 hópast
 - 2 blása
 - 3 gremja
 - 4 happdrætti
 - 7 skothylki
 - 9 snæðingur
 - 12 skot
 - 14 festing
 - 16 sýl

LÓDRÉTT: 1 safnast, 2 kula, 3 amí, 4 lofto, 7 pat, 8 átt, 9 máltíð, 12 kími, 14 lím, 16 al.

Sudoku

2				7	3		6	
		5	4		2	8	3	7
		4	6					
6			9		8			
				3		6	5	
3		9		4			2	
	7				4			5
		6			5		7	1
	2	3		9				

3	6	1						
9		2		7				
		2	9	5	7			
4	8						1	
			5	6		9	8	
1								4
2	8		7	1			6	3
		7						5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



EKKI MISSA AF ÞESSUM EINSTAKA VIÐBURÐI!

Sunnanvindur

Eftirlætislög

ÓRVARS KRISTJÁNSSONAR

harmonikuleikara

SALURINN KÓPAVOGI 9. SEPTEMBER
HOF AKUREYRI 14. OKTÓBER

MÍÐASALA Á TIX.IS

JIMMYCHOO.COM

JIMMY CHOO MAN AQUA

THE NEW FRAGRANCE



20% afsláttur
af öllum Jimmy Choo ilmum
16. - 22. júní

Við kynnum til leiks nýjan og ferskan ilm
frá Jimmy Choo, Man Aqua!

HAGKAUP



Mjög svo frumlegur hringur eftir Dieter Roth.

Frumleg skartgripagerð



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is

Skartgripir eftir Dieter Roth eru á sýningu í Listasafni Íslands, en hann fór að fást við nýstárlega skartgripasmíði seint á sjötta áratug síðustu aldar.

„Á sýningunni eru lámsgripir frá Hamborg, sem Dieter vann að mestu hér á Íslandi en komust síðar í eigu Dieter Roth Foundation í Hamborg. Einnig gripir sem eru í eigu Galleria Edizioni Periferia í Luzern í Sviss, en þá vann Dieter í samstarfi við svissneska gullsmiðinn Hans Langenbacher á árunum 1960-1975. Á sýningunni eru einnig skartgripir sem eru í eigu Sigríðar Björnsdóttur, fyrrverandi eigin konu Dieters og afkomenda þeirra Dieters,“ segir Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri sýninga.

Hugmyndaríkur og flinkur

Fyrstu skartgripirnir sem Dieter hannaði voru unnir í samstarfi við Sigríði, heima á eldhúsbordinu. „Ég var í Kaupmannahöfn sumarið 1956 og kynntist Dieter. Nokkrum dögum áður en ég fór heim til Íslands sá ég í búðarglugga alls konar efni til að nota í skartgripagerð. Ég keypti slatta til að búa til skartgripi til að afla mér fjár,“ segir Sigríður. „Þegar ég kom heim setti ég upp verkstæði í íbúðinni sem ég leigði og byrjaði að vinna að skartgripagerð. Dieter kom nokkrum mánuðum seinna og varð strax mjög heillaður af þessu tiltæki mínu og fór að gera skartgripi.

Það var mjög gaman að vinna með Dieter því hann var svo hug-

”

Hann gaf mér silfurhring í morgungjöf, ég vaknaði við að hann var að reyna að troða honum á fingurinn á mér.

Sigríður Björnsdóttir

myndaríkur og flinkur og allt lék í höndunum á honum. Ég hafði samband við fjölskylduvin okkar, Halldór Sigurðsson gullsmið, sem var með verslun og verkstæði á Skólavörðustíg 2 og hann bauð okkur að flytja verkstæðið okkar til sín, vinna þar og selja gripi okkar í versluninni. Við gerðum þetta en ég missti fljótlega áhugann en Dieter hélt áfram. Síðan fluttum við á Ljósvallagötu þar sem ég setti upp verkstæði í kjallaranum þar sem við unnum bæði og síðan vann Dieter hjá Gunnari Malmberg gullsmið.“

Taskan sem hvarf

Sigríður segir að Dieter hafi verið iðinn við að gefa henni skartgripi. „Hann gaf mér silfurhring í morgungjöf, ég vaknaði við að hann var að reyna að troða honum á fingurinn á mér. Hann gaf mér marga gripi sem ég notaði um tíma mjög



Dieter notaði alls kyns efni við skartgripagerð sína.



Vigdís og Sigríður skoða skartgripi eftir Dieter.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

mikið,“ segir Sigríður. Hún á marga skemmtilega og frumlega skartgripi sem hann gerði, en nokkrir eru glataðir. „Eftir að við skildum var ég mikið á fyrirlestraflakki og fór eitt sinn til Stokkhólms til að halda fyrirlestur hjá sænska kennarasambandinu. Ég var með fimm silfurhringi eftir Dieter í ferðatöskunni. Á jarnbrautarstöðinni skildi ég töskuna eftir og fór að hringja á leigubíl. Þegar ég ætlaði síðan að sækja töskuna var hún horfin. Hún fannst seinna tóm, ekki langt frá jarnbrautarstöðinni.“

Dieter og Sigríður sýndu saman skartgripi í sýningarsal í Banka-

stræti árið 1960, en sýningin í Listasafni Íslands er fyrsta heildarsýningin hér á landi á skartgripum eftir Dieter Roth. Heildarsýning á skartgripum hans var í Luzern árið 2008 og samhlíða sýningunni var gefin út mappa sem inniheldur bréf og skissur til Hans Langenbacher frá Dieter Roth sem er nú til sölu hjá Listasafni Íslands.

Spurð hvað einkenni skartgripi Dieters Roth segir Vigdís: „Það er endurnýting á fundnum hlutum. Hann notaði alls kyns efni, til dæmis við og silfur en líka skráfur og bolta sem hann setti saman og breytti af mikilli hugkvæmni.“ ■



Verk eftir Sigrúnu Gyðu. MYND/ADSEND

Jarðtenging á Hjalteyri

kolbrunb@frettabladid.is

Myndlistarsýningin Jarðtenging/ Grounded Currents verður opnuð í Verksmiðjunni á Hjalteyri laugardaginn 18. júní klukkan 14 með verkum listamannanna Maryse Goudreau, Hugo Llanes, Zinnia Naqvi, Sigrúnar Gyðu Sveinsdóttur,

Marzieh Emadi og Sina Saadat.

Sýningin er alþjóðleg samsýning yngri kynslóðar listamanna, sem vinna sjálfstætt á staðnum og/eda fyrir fram að nýjum verkum. Allir vinna þeir með vídeómíðilinn og þá líka teiknimyndir eða animation ásamt ýmsum öðrum aðferðum samtímalistar. ■

Kjólar og ljósmyndir

kolbrunb@frettabladid.is

Sýning á ljósmyndum og kjólum verður í gamla lönskólanum á Akranesi dagana 17. og 18. júní. Kjólarnir eru með myndum sem flestar eru teknar á Vesturlandi og þeir eru framleiddir undir heitinu LAUFHEY. Efnið í kjólunum er unnið úr endurnýttum plastflöskum.

Áskell Þórisson ljósmyndari tók myndirnar sem eru á kjólunum og sömuleiðis myndirnar sem munu hanga á veggjum gamla lönskólans. Það eru þau feðgin Laufey Dóra og Áskell sem ýttu kjólaframleiðslunni úr vör en Sjöfn Magnúsdóttir, klæðskeri á Akranesi, sér um saumaskapinn og kemur að hönnuninni með Laufeyju. Hver kjóll er sérsaumaður eftir málum kaupanda.

Sýningin í gamla lönskólanum, Skólabraut 9, verður opin frá kl. 11



Sýning á ljósmyndum og kjólum verður á Akranesi.

MYND/ADSEND

til 17.30 báða dagana. Áhugasamir um kjóla geta hitt þær Laufeyju og Sjöfn á staðnum þann 17. júní frá

kl. 14 til 16 en Áskell verður þarna báða dagana. Myndirnar eru til sölu en kjólana þarf að sérpanta. ■



Málverkin sýna börn frá stríðshrjádum löndum.

MYND/SPESSI

Sumar myndanna lifa enn með mér

Jón Magnússon sýnir 25 olíu-myndir á sýningu á Mokka sem hefur yfirskriftina *Á meðan... Fréttaljósmyndir af börnum í stríðshrjádum löndum* eru grunnurinn að myndunum.

kolbrunb@frettabladid.is

„Fyrir nokkrum árum fór fréttamynd af dreng sem hafði druknað við strendur Grikklands eins og eldur í sinu um heiminn. Mér var mjög brugðið og ákvað að gera málverk eftir fréttamyndum frá stríðshrjádum löndum þar sem börn væru í forgrunni. Ég byrjaði á að gúgla „wounded child in Syria“ en ráðlegg engum að gera það, hryllingurinn sem þar birtist er ólýsanlegur. Ég skoðaði fjölda mynda en fékk líka aðgang að myndbanka UNICEF og nokkrar myndanna á sýningunni koma þaðan.

Ég vann lengi við umbrot og hafði séð hryllilegar myndir áður og þess vegna held ég að ég hafi getað horft á þær. Sumar myndanna lifa enn

”

Ég vildi hafa hluti hjá börnunum, eins og leikföng og dýr, til að hugga þau og reyna þannig að draga athyglina frá sorginni.



með mér og sumar voru ekki mál- aðar af því að þær voru svo hræðilega óhuggulegar,” segir Jón.

Stríð alls staðar eins

Hann segir að það hafi verið tilfinningalega erfitt fyrir sig að mála myndirnar. „Þetta eru myndir af börnum í stríði, mjög sterkar ljósmyndir. Málverkið mildar þessar aðstæður aðeins og ég vildi hafa hluti hjá börnunum, eins og leikföng og dýr, til að hugga þau og reyna þannig að draga athyglina frá sorginni. Myndirnar eru af börnum víða um heim, flestar frá Aleppo í Sýrlandi en mér finnst ekki skipta máli hvaðan myndirnar koma. Stríð er alls staðar eins.“

Safnað fyrir prentun

Hann fyrirhugar að gefa út bók með myndunum og safnar fyrir prentun

hennar á Karolina Fund. Verkefnið er til styrktar UNICEF sem er með söfnun fyrir börn á flotta undan stríðinu í Úkraínu. Didda Jónsdóttir skáld er höfundur texta í bókinni. „Mig vantaði sterkan textahöfund og skáld og Ari Alexander bróðir stakk upp á Diddu. Það sýndi sig að hún var alveg rétta manneskjan í þetta verkefni,” segir Jón. Myndlistarmaðurinn Jón B. K. Ransu skrifar inngang bókarinnar.

Jón Magnússon fæddist árið 1966 í Reykjavík. Hann stundaði nám við Parsons School of Design í París frá 1988-1992. Þar lauk hann prófi með BFA gráðu í myndskreytingu. Hann stundaði síðan nám við Myndlistaskóla Reykjavíkur og lauk prófi árið 2018. Hann hefur haldið einkasýningar hér á landi og erlendis og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýning hans á Mokka stendur til 6. júlí. ■

Jón segir að það hafi verið tilfinningalega erfitt að mála myndirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Leiðarljós í Hafnarborg

kolbrunb@frettabladid.is

Sönghátíð í Hafnarborg verður haldin 18. júní til 10. júlí. Á sjötta tug framúrskarandi innlendra og erlendra tónlistarmanna koma fram á átta tónleikum, en hátíðin býður einnig upp á fimm námskeið. Sönghátíð í Hafnarborg fékk Íslensku tónlistarverðlaunin sem Tónlistarhátíð ársins 2020.

Á Sönghátíð í Hafnarborg er ekki einungis leitast við að leggja rækt við list augnabliksins, heldur er einnig horft til framtíðar með því að birta á YouTube-síðu hátíðarinnar valdar myndbandsupptökur af tónleikum og viðtöl við söngvara.

Miðasala fer fram á tix.is. Dagskrána má sjá á vefsíðunni www.songhatid.is. ■



Diddú verður á Sönghátíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Skannaðu kóðann

Hæ, hó og jibbí jei!

RISA TILBOÐ



Nýtt blað
á husa.is

Skoðaðu
öll tilboðin



Gildir 15.-19. júní. Opið í Skútuvogi 17. júní,
aðrar verslanir lokaðar



blómaúal HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG



Reiðhjól og rafmagnshjól

25%
afsláttur



AL-KO **BLACK+DECKER** **WORX**

Sláttuorf

25%
afsláttur



Garðhúsgögn

25%
afsláttur

ÚTSALA
Þvottavélar
og þurrkarar



AL-KO **BLACK+DECKER**

Sláttuvélar

25%
afsláttur



JOTUN

Pallaolía, viðarvörn
og hreinsiefni

20%
afsláttur



cozze®
Pizzuofnar

25%
afsláttur



JOTUN

Málning

20%
afsláttur



Sumarblóm og garðplöntur

25%
afsláttur

Ris og fall Ziggy Stardust



Björn Lúðvíksson og Halldór Randver við minningarvegginn sem þeir gerðu í miðbæ Akraness að Bowie látnum og vekur jafnan mikla athygli.

MYNDIR/ÁSENDAR

Aldrei samur eftir andköf yfir Ziggy

toti@frettabladid.is

Grafiski hönnuðurinn Halldór Randver Lárússon tók ungur andköf yfir Ziggy Stardust-plötunni en þau fyrstu kynni hans af Bowie urðu til þess að hann er óumdeilt meðal ákrafustu og dyggustu aðdáenda tónlistarmannsins.

„Ég les grein eftir Ómar Valdimarsson í Vikunni skömmu eftir að platan kemur út '72,“ segir Halldór, sem fór lóðbeint í hljóðfæra-verslun Sigríðar Helgadóttur og keypti plötuna.

„Og var alveg heillaður frá fyrstu stundu og er bara búinn að vera alveg húkk á honum síðan. Ég var bara svona Bítlastrákur. Hlustaði líka á Stones, Kinks og eitthvað og þarna tók maður alveg bara andköf og ég hef náttúrulega keypt allt með honum síðan,“ segir Halldór, sem náði að sjá Bowie fimm sinnum á tónleikum.

Sótti Bowie til London

„Ég man bara í gamla daga þegar maður var að kaupa Melody Maker og ef maður sá þar kannski í febrúar að það væri að koma plata í september bá var eiginlega ekki hugsað



Grafiski hönnuðurinn hristi fram þessar myndir af átrúnaðargóðinu sem prýða vegginn á Skaganum.

um neitt annað. Þegar ég var kominn með aldur til fór ég bara út og sótti þær þegar þær komu út,“ segir Halldór og nefnir sérstaklega Low og Heroes. „Þegar þær komu út var ég úti í London, og Scary Monsters líka. Þá fór ég út og beið við HMV þegar þeir opnuðu,“ hlær Halldór.

„Ziggy er eina platan sem ég á með honum þangað til ég fer til Los Angeles árið eftir, '73, og kaupi Space Oddity, The Man Who Sold the World og Hunky Dory, sem voru komnar á undan, og ég hlustaði ekki á neitt nema þessar plötur í rúmlega heilt ár. Þetta er dálítill geggjun.“

Halldór segist víða aðeins þekktur sem Bowie-aðdáandi. „Það rigndi meiru af samúdarkveðjum yfir mig þegar Bowie dó en þegar mamma dó. Það eru svo margir sem þekkja mig bara í þessum heimi.“ ■

LEIÐRÉTTING

Tónlistarmaðurinn Einar Bjartur var ranglega sagður Stefánsson, en ekki Egilsson eins og rétt er, í frétt um útgáfu plötunnar Kyrrð, á þessum stað í blaðinu í fyrradag. Beðist er velvirðingar á þessu.

8. janúar 1947

David Robert Hayward-Jones fæðist í Brixton-hverfinu í London.

1960-1962

Gengur í Tækniskólann í Bromley. Fellur fyrir djassi og lærir á saxófón.

1962

David Jones byrjar í sinni fyrstu hljómsveit, The Kon-Rads, sem saxófónleikari.



1965

Parlophone-útgáfan gefur út Davy Jones and The Lower Third smáskífuna, You've Got a Habit of Leaving.

David Jones segist vilja skrifa rokk-söngleik.

David Jones kynnist sérvitringnum Vince Taylor.

1966

David Jones verður að David Bowie

Vince Taylor verður fyrir andlegu áfalli og staðhæfir á sviði að hann sé guð kominn til jarðar utan úr geimnum. Geðræn vandamál Taylors veita Bowie innblástur fyrir hliðarsjálfi sitt, Ziggy. Seinni hluti nafnsins er dreginn af starfsbróður Bowie, Legendary Stardust Cowboy. Ziggy Stardust sprettur fram – alkynja geimveru-rokkstirni sent til jarðar til að bjarga plánetunni á síðustu fimm árum tilvistar hennar.



Ziggy Stardust sprettur fram – alkynja geimveru-rokkstirni sent til jarðar til að bjarga plánetunni á síðustu fimm árum lífs hennar.



1967

Frumraunin David Bowie kemur út og bíður afhröð á markaðnum.

Fimmtíu ár eru í dag liðin frá því David Bowie gaf út tímamóta-plötuna The Rise and Fall of Ziggy Stardust and the Spiders from Mars. Platan telst til hápunkta í rokksögunni og tónlistin var síðar flokkuð til glam-rokks og frumpönks. Bowie kynnti Ziggy til sögunnar sem mannkynsfrelsara en hliðarsjálfið varð þó ekki langlíft þótt áhrifa þess gæti enn.

toti@frettabladid.is



HEIMILD: GRAPICNEWS.COM

1969

Slagarinn Space Oddity er gefinn út nokkrum dögum fyrir tunglför Appolló 11 geimfarsins. Lagið nær fimmta sæti á breska vinsældalistanum.



Space Oddity er gefið út nokkrum dögum fyrir tunglför Appolló 11.

Mars 1970

Bowie kvænist fyrrsætunni og leikkonunni Angelu Barnett. Hjónabandið endist í tíu ár.

Mái 1971

Barnett eignast soninn Duncan Haywood „Zowie“ Jones.



Júní

Bowie hefur upptökur á Hunky Dory. Meðal hljóðfæraleikara á slagaranum af Life on Mars? eru gítarleikarinn Mick Ronson, trommuleikarinn Mick Woodmansey, Trevor Bolder á bassa og Rick Wakeman á píanó. Lagið nær þriðja sæti á bresku vinsældalistunum.



Janúar 1972

Aladdin Sane-tónleikaferðalagið hefst með framandi búningum eftir japanska hönnuðinn Kansai Yamamoto.

1972-1973

Þrjú tónleikaferðalög Aladdin Sane í Bretlandi, tvö í Bandaríkjunum og eitt í Asíu.

Apríl 1973

Platan Aladdin Sane kemur út. The Jean Genie nær þriðja sæti á bresku vinsældarlistunum.



3. júlí

Ziggy-manían leggst þungt á söngvarann og hliðarsjálfi hans. Á síðustu tónleikum ferðalagsins tilkynnir Bowie fall og endalok Ziggy á sviði í London.



Á síðustu tónleikum ferðalagsins tilkynnir Bowie fall og endalok Ziggy á sviði.



1976 Bowie leikur geimveru enn á ný í vísindatryllinum The Man Who Fell to Earth eftir Nicolas Roeg.

2014-2015

Ziggy-lögin Moonage Daydream og Starman koma fyrir í The Guardians of the Galaxy og The Marti

Brakandi ferskar bækur til að bragða á í fríinu



Þáprá og nostalgíukast

Vængjalaus eftir Arna Árnason

Í bókinni Vængjalaus sem kemur út hjá Bjarti & Veröld í júlí, ferðast lesendur til sumarsins 1996 þegar SSSól spilar í Sjallanum. Söguhetjan Baldur er rúmlega tvítugur og kynnist Auði sem er ellefu árum eldri, með afdrifarikum afleiðingum.

Í bókarlýsingu útgefanda segir að bókina sé skemmtileg og spennandi skáldsaga sem hreyfi við lesandanum en kveiki líka nostalgíu og hugljúfa stemningu.



Nina Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Sumarið er tíminn til að leggja frá sér símann og lesa skemmtilegt skáldverk, jú eða sorglegt eða spennandi. Eitt þarf heldur ekki að útiloka annað.

Margir kjósa léttara efni í fríinu á meðan aðrir leita uppi krefjandi bækur sem kynda undir vörutalningu í sál lesandans. Fréttablaðið hafði samband við nokkra fulltrúa íslenska bókabransans í leit að ferskustu skáldverkum sumarsins og voru heimtir með besta móti. Tilnefningum var næst skipt í nokkra flokka til að auðvelda leitina að góðri bók fyrir sundlaugarbakkann, ströndina eða pallinn í sumar-bústaðnum.

Og ef bókina hugnast ekki lesandanum má auðvitað nota hana á lúsmýið. ■



Margir kjósa léttara efni í fríinu.

Hljá í hjartað

Sannleiksverkið eftir Clare Pooley

Páll Valsson hjá bókaútgáfunni Bjarti bendir á Sannleiksverkið eftir Clare Pooley sem „feel-good-bók.“ Bókin er í þýðingu Helgu Soffíu Einarsdóttur. Clare hlaut RNA-verðlaunin fyrir bókina, fyrir bestu frumraun í skáldsagnagerð og Sannleiksverkið er metsölubók í 30 löndum.

Þar segir frá Julian Jessop sem er riflega sjötugur, sérvitur listamaður, sem heldur því fram að fæstir séu heiðarlegir við aðra. Julian skrifar sannleikann um líf sitt í græna minnisbók og skilur síðan bókina eftir á kaffihúsi í hverfinu sínu. Fljótlega hefja fleiri sem finna grænu minnisbókina að skrifa sannleikann um eigið líf í bókina.



Glöggt er gests augað

Kalmann eftir Joachim B. Schmidt

Kalmann eftir Joachim B. Schmidt kom út í Sviss árið 2020 og rauk þráðbeint á metsöluhlusta Der Spiegel. Þýðing Bjarna Jónssonar hlaut Ísnálinu 2022 fyrir best þýddu glæpasöguna og voru verðlaunin veitt með einhljóða álitni dómnefndar.

Svissneski rithöfundurinn Joachim B. Schmidt tók ástfóstri við Ísland sextán ára gamall árið 1997 og fluttist til landsins tíu árum seinna. Flestar skáldsögur Joachim B. Schmidts gerast á Íslandi og Kalmann gerist á Raufarhöfn. Sagan segir frá sérstökum manni sem litur á sig sem lögreglustjóra þorpsins og rambar á stóran blóðpoll í snjónum eftir hvarf ríkasta mannsins í plássinu.



Ástir og örlög

Þessu lýkur hér eftir Colleen Hoover

Metsöluhöfundurinn Colleen Hoover er í fyrsta sinn gefin út á íslensku, í þýðingu Birgittu Elínar Hassell og Mörtu Hlínar Magnadóttur hjá Bókabeitunni. Bókin kemur í verslanir í byrjun júlí. Colleen er margfaldur metsöluhöfundur yfir tuttugu bóka og hefur þrisvar unnið Goodreads Choice Awards fyrir bestu ástarsöguna, og þar á meðal Þessu lýkur hér, sem á ensku heitir It Ends With Us.

Að sögn Birgittu er bókin ástarsaga sem fjallar þó líka um ansi þung málefni. Þar segir frá hinni bandarísku Lily sem kynnist sjöðheimtum heila- og taugaskurðlækni. Þegar fyrsta ástin hennar dúkkar síðan óvænt upp myndast brestir í annars fullkomnu lífi Lily.



Frumlegt og framandi

Hvað er drottinn að drolla eftir Auði Haralds

Þær gleðifregnir berast bókmenntaheiminum að Auður Haralds hafi sent frá sér nýja bók. Auður sló í gegn með skáldsögunni Hvunnudagshetjan sem kom út árið 1979 og er bókaunnendum kunn fyrir myndar og hárbeyttar skáldsögur, og auðvitað barnabækurnar um Elías. Síðast gaf Auður út bók árið 2007, barnabókina Litlu, rauðhærðu stúlkuna.

Hvað er drottinn að drolla fjallar um skrifstofukonuna Guðbjörgu sem ferðast frá tíunda áratug síðustu aldar aftur á fjórtánda öld. Tímaflakk í meðförum Auðar hljómar vel og mun vafalaust rata í margar ferðatöskur þetta sumarið.



Kvikmyndaá hugamaður vill stofna félagið K.Á.M.

odduraev@frettabladid.is

Jóhann LePlat Ágústsson, stofnandi og stjórnandi Facebook-hópsins Kvikmyndaá hugamaður sem telur tæplega 9.000 meðlimi, hefur efnt til fjársöfnunar sem ætlað er að efla starfsemina í kringum hópinn og jafnvel framleiða kvikmynd í fullri lengd innan tíu ára.

Ef vel gengur hyggst Jóhann einnig stofna félagið Kvikmyndaá hugamaður, skammstafað K.Á.M. en til að byrja með verður því fé sem safnast varið í sjálfstæða spjallþáttagerð, skipulag á vinnusmiðjum, heimasíðu og að lokum í framleiðslu á kvikmynd í fullri lengd, en sú framleiðsla er á tíu ára áætlun hjá honum.

„Það sem er svo skemmtilegt við þessa nálgun á stofnun félags er að grunnurinn verður alltaf þessi samfélagshópur þar sem meðlimir halda áfram að taka beinan þátt í upp-

byggingu á sínu eigin samfélagi, þar sem þeir eru nú þegar mjög virkir. Síðar verður hægt að byggja enn frekar ofan á þennan grunn, með því til dæmis að leita að mögulegum styrktaraðilum,“ segir Jóhann.

Jóhann segir söfnunina rétt nýhafna, en hann opnaði styrktarreiðningu á PayPal fyrir tveimur dögum. „Ég hef sjálfur verið að setja til hliðar á mínum persónulega sérreiðningu fyrir myndavél, upptökbúnaði, ljósum og fleiru til að koma af stað YouTube-rás og hlaðvarpi fyrir hópinn.

Aðskilinn fjárhagur

Þetta er meðal annars hugsað til þess að efla „vörumerkið“ og vitund samfélagshópsins, en líka bara fyrir sjálfstæða, almenna spjallþáttastöðu til að taka upp þætti í mynd og hlaða þeim á netið.“

Jóhann tekur fram að söfnunarreiðningurinn sé aðskilinn öðrum reiðningum á hans nafni. „Ég vildi sjá hvort það væri áhugi á því innan hópsins að taka beinni þátt í uppbyggingu lengra,“ segir Jóhann, sem er mjög áfram um stofnun alvöru félags fyrir kvikmyndir.

„Peningurinn myndi fyrst fara beint í upphafskostnað á upptökbúnaði og aðstöðu fyrir upptöku á hlaðvarpsmyndum.“

Alla



Jóhann LePlat Ágústsson

vega til að byrja með og með það að markmiði að betrubæta umræður og bæta enn einni samskiptavidd í mengið. Til dæmis með spjallþætti í beinni.“

Jóhann segir slíka spjallþætti fullkomna viðbót við kvikmyndagagnrýni í rituðu máli og skrifuðum hugleiðingum í stöðuuppfærslum og athugasemdum í kommentakerfinu. „Oft myndast mjög skemmtilegar, ástríðufullar og uppbyggilegar umræður í hópnum og virknin er þá oft svakaleg.

Þá geta umræður stundum verið umdeildar, sem er hið besta mál en þá myndast oft hættu á misskilningi, mistúlkun og stundum harkaleg viðbrögð, sem hættir svo til að gera umræður misuppbyggilegar.“

Viðkvæmar umræður í fókusi

Jóhann segir því mikilvægt að gera vangaveltur innan hópsins, skoðanir og svör enn gagnsærri. „Sérstak-

lega þegar um viðkvæmari málefni er að ræða. Þegar sá sem er að tjá sig er fyrir framan myndavélina geta líkamstjáníng og tónninn í því sem sagt er oft skilað skýrari mynd af meiningunni. Eru menn með þverar og lokaðar staðhæfingar? Eru þetta sterkar skoðanir sem menn eru tilbúnir að standa og falla með? Eða er þetta bara lausleg skoðun eða jafnvel bara hálfgerð spurning?“

Jóhann segir að slíkir þættir myndu auka vægi umræðunnar innan hópsins enn frekar. „Ég tala nú ekki um ef einhver frægur leikari er mættur til landsins og maður reynir að fá þann einstakling í viðtal!“

Hann segir að gaman væri að setja í loftið heimasíðu til viðbótar við Facebook-hópinn. „Það væri gaman að slík síða færi í loftið, undir lengri blogg, sérhæfðari þætti og svo framvegis. Þetta er að sjálfsögðu allt enn þá á hugmyndastigi.“ ■

23. júní

BEJARBIO

Guðmundur Pétursson

Beebe and the Blue birds

Blús
hjarta
Hafnar-
fjarðar
23-25 JÚNÍ

24. júní

HG Sextett
Rætur djassins í blústónlist

Kristjana Stefánsdóttir

25. júní

Björgvín Gíslason

Tregasveitin

miðasala
á **tix.is**

Útisvæði

Happy hour frá 18:00-21:00

Fimmtudagur: Heiðar í Botnleðju

Föstudagur: Hljómsveitin Brot af því besta

Laugardagur: Júlladiskó

tix

HAFNARFJÖRDUR

prime
UMBODSSKRIFSTOFA

Gull



Eypör Ingi skemmti sér konunglega við að fiflast og leika sér við upptökurnar á rokksöngleiknum.

MYND/ADSEND

Eypör veifar Seðli á Storytel

Trölladans er frumsaminn rokksöngleikur eftir þá Friðrik Sturluson og Guðmund Ólafsson, en sá síðarnefndi segir þá félagana hafa verið að dunda sér við þetta í nokkur ár. Söngvarinn Eypör Ingi var ekki lengi að slá til þegar honum bauðst hlutverk vonda galdrakarlsins Seðils í söngleiknum, sem kominn er á Storytel.

toti@frettabladid.is

„Þetta er nú hugmynd frá Friðriki Sturlusyni bassaleikara, sem semur tónlistina og söngtextana,“ segir Guðmundur Ólafsson, leikari og rithöfundur með meiru, um rokksöngleikinn Trölladans, þar sem hann leggur til söguna.

„Þetta er nú búið að vera nokkurra ára prósess hjá okkur. Svona í rölegheitunum en ég held að þetta hafi nú smellið svona að lokum hjá okkur félögum,“ heldur Guðmundur, sem hefur í tvígang hlotið Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir bækurnar um Emil og Skunda.

Ævintýrið um Trölladans er þó ekki alveg eins jarðbundið, þar sem sagt og sungið er frá viðureign mannsbarnsins Jonna og Tótu tröllastelpu, við hinn illskeytta galdrakaril Seðil, sem hefur stolið ómetanlegum uppdraði frá tröllunum í Tröllabyggð.

Leikið á raddböndin

„Þetta var mjög skemmtilegt og mér finnst mjög gaman að gera svona,“

segir tónlistarmaðurinn Eypör Ingi, sem sló til þegar honum bauðst að túlka sjálfan Seðil. „Mér fannst þetta bara spennandi dæmi vegna þess að mér finnst alltaf rosalega gaman að leika mér með raddböndin. Og bara leika mér yfir höfuð. Þetta náttúrulega er dálítið þannig.“

Eypör Ingi kom heldur ekki alveg grænn inn í þennan ævintýraheim, þar sem hann hefur komið töluvert að talsetningu teiknimynda og tengdi vel við „kauda“ eins og hann kallar persónu sína.

„Þetta er bara svona illmenni í klassískum ævintýraheimi og sambland af einhverju sem maður hlustaði á í æsku. Það er svona vottur af Bessa Bjarna þarna, Ladda og fleirum. Samkrull af einhverjum gömlum meisturum sem segja má að ég hafi horft aðeins til.“

Hálfgerð útvarpsleikrit

Eypör Ingi segist aðspurður telja víst að Trölladans muni ná vel til krakkaanna sem á ferðalögum um landið kærkomin dægurvöl. „Já, já, ég hef nú lesið inn hluta af mínum bókum og er að heyra af fólki sem hefur einmitt verið að spila þetta fyrir krakkaana á ferðalögum. Þannig að það er mjög gaman að því. Alveg nýtt fyrir svona gamlan hund eins og mig,“ segir Guðmundur og hlær.

Eypör Ingi bendir á að líkja megi



Þetta er alveg ótrúlegt, hvað það eru margir sem hlusta orðið á hljóðbækur.



Guðmundur Ólafsson

söngleiknum að hluta við hálfgerð útvarpsleikrit, sem virðist nokkurn veginn vera það sem höfundarnir lögðu upp með.

„Já, já. Ég hef nú svona verið að segja fólki frá þessu og að þetta sé meira í ætt við útvarpsleikrit. Þannig að það eru leiknar senur og svo er tónlist inn á milli. Það er svona formið á þessu,“ tekur Guðmundur undir og víkur að því hvernig Storytel virðist geta stuðlað að frekari útbreiðslu skáldskapar í ýmsum myndum.

„Þetta er alveg ótrúlegt, hvað það eru margir sem hlusta orðið á hljóðbækur. Það er bara eitthvað alveg nýtt í þessu. Fólk er labbandi út um allt eða hlaupandi með þetta í eyrunum.“ ■

Valgeirskir hátíðartónleikar í Skálholti

toti@frettabladid.is

Valgeir Guðjónsson býður til hátíðartónleika í Skálholti á morgun þar sem hann flytur sitt nýjasta hugarföstudur, Saga Musica. Verkefnið hefur verið Valgeiri hugleikið í meira en þrjátíu ár, síðan hann sigldi á Víkingaskipinu Gaia árið 1991.

„Þetta var mikið hugsjónaverkefni kostað af norska skipakónginum Knut Kloster, en þáverandi forseti vor, Vigdís Finnbogadóttir, var verndari verkefnisins,“ segir Valgeir, um skipið sem sigldi frá Noregi til Orkneyja og kom í höfn á gamla hafnarbakkanum í Reykjavík þann 17. júní 1992. „Þetta var stórkostleg upplifun sem hefur fylgt mér allar götur síðan, og víðar.“

Valgeir fór í kjölfarið að semja



Valgeir siglir Saga Musica í höfn í Skálholti á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lagatexta á ensku sem vísa í íslenskan sagnaarf, þótt tiltekna persónur eða atburðir séu ekki nefndar. Söguþræðinum verða gerð skil á íslensku í stuttu máli á

milli laga, auk þess sem smásögur og myndskreytingar má finna í tónleikaskránni sem mikið hefur verið lagt.

Þá segir hinn sjötugi Valgeir að talan sjö einkenni tónleikana. „Við erum með sjö afburðatónlistarmenn og -konur sem skipa hljómsveitina,“ segir hann, en með Valgeiri verða Vignir Þór Stefánsson á píanó, Haraldur Þorsteinsson á bassa, Pétur Valgarð á gítar, Ásgeir Óskarsson á slagverk, Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir söngkona auk heidursgests tónleikanna, Valgerðar Guðnadóttur leik- og söngkonu. „Þetta er aðgengileg tónlist, ekki klassísk og ekki í þjóðlagastíl. Það mætti segja að hún sé Valgeirsk, fyrir þá sem vita hvað það þýðir.“

Miðasala fer fram á tix.is ■



Taktu bragðgóðu Myllu smáur kökurnar alltaf með

> Taktu Myllu smáur kökur alltaf með fyrir alla. Myllu smáur kökur eru alltaf 4 í pakka, 4 smáur með möndlu, 4 smáur með súkkulaði og núna 4 smáur með Nutella. Fáðu þér smá Myllu einu sinni á dag.





Myllu smáur kökur og bragðgóðar
- núna með Nutella-fyllingu í úrvali með möndlum og súkkulaði.



Alltaf útbakað
síðan 1959

> nánar á myllan.is





Bakþankar



Stefáns Ingvars
Vigfússonar

Eldur, ís, olía

Allt í einu gekk ég bak orða minna og fékk mér bíl. Þetta er gamall bíll systur minnar, foreldrar mínir áttu hann um hríð og við Hófi, kærastan mín, höfðum töluverð afnot af honum. Síðan slaknaði hann og bilaði þangað til að þau nenntu honum ekki lengur og gáfu okkur hann. Það kemur sér vel. Aðstæður í fjölskyldunni eru slíkar að við þurfum að vera á töluverðu flakki milli landshluta, vestur í Súgandafirði fimm daga vikunnar og tvo daga fyrir sunnan. Það verður ekki hjá því komist.

Allt í einu hafa fleiri tölur áhrif á mig en áður, fram að þessu voru það breytilegu vextirnir á viðbótarláninu mínu og stýrivextirnir og verðbólgan og líkamshittinn og vinnuvikan og símanúmerið hennar Hófiar, sem mér þykir alltaf jafnvænt um. Núna eru blóðrauð skilti út um allan bæ sem öskra á mig í hvert skipti sem talan hækkar. Mér finnst ég vera kominn í klúbb. Þegar ég mæti í vinnuna eða matarboð og einhver talar um bensínverðið get ég sagt: „Úff, já, það bara rýkur upp,“ eða „Já, einmitt, og allt út af einhverjum vesalangi í Kremli,“ eða „Já, maður ætti ekkert að vera að keyra svona mikið en stundum er ekki hjá því komist.“ Og ég er farinn að halda að ég hafi lifað þessum billausa lífsstíl til þess að aðgreina mig frá öðrum, til þess að vera ekki hluti af samfélaginu.

Við erum samfélag bílstjóra, það er ekki æskilegt eða fallett eða spennandi, en það er staðreyndin. Við Íslendingar erum bílstjórar. Þjóðfáninn ætti að vera rauður kross á hvítum krossi á svörtum bakgrunni, eldur, ís og olía. Það sem rennur um æðar okkar. ■

Hámarkaðu sumarið!

STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
I HEIMI!

Fáðu sem allra mest út úr sumrinu með nýjum síma og skemmtilegum leiktækjum sem gefa því enn meiri birtu og gleði.



Samsung
Galaxy A13 64GB
34.990 kr.



Samsung
Galaxy S21 FE 128GB
99.990 kr.
129.990 kr.




Apple
iPhone 13 Pro 128GB
199.990 kr.



Populele
Snjallgítar
19.990 kr.




Nova
Folf diskósett
4.990 kr.



Nova
Spikebolti
13.990 kr.

Opið 17. júní!



Blöðrur,
rellur
og sleikjóar



Faxafeni 11 • Sími 534 0534

SjálfsVörn hjá Nova

Farðu áhyggjulaus í fríð!

Nú hafa allir efni á öryggi fyrir heimilið! Ekkert stofngjald, uppsetning innifalin og hágæða snjallkerfi beintengt við símann. Vertu með heimilið í öruggum höndum... þínum.



Ekkert
stofngjald

Verð frá
3.990 kr.
á mánuði

INNOVA